



**Lokaritgerð til BA-gráðu í
stjórnmálafræði**

Neysla til bjargar loftslaginu

Vistvæn neysluhyggja á alþjóðastigi og landsvísu

Hildur Ásta Þórhallsdóttir

Júní 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Neysla til bjargar loftslaginu
Vistvæn neysluhyggja á alþjóðastigi og landsvísu

Hildur Ásta Þórhallsdóttir

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórn málafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2017

Neysla til bjargar loftslaginu – Vistvæn neysluhyggja á alþjóðastigi og landsvísu

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hildur Ásta Þórhallsdóttir, 2017
1305943369

Reykjavík, Ísland, 2017

Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að útskýra hvaða afleiðingar það getur haft að forgangsraða í þágu vistvænnar neyslu sem mögulegrar lausnar við loftslagsvanda og litið á það hvort að áhersla á einstaklingsframtak í þágu loftslagsmála með vistvænni neyslu birtist á alþjóðastigi og í aðgerðum íslenskra stjórnvalda. Rök eru færð fyrir því að áhersla á einstaklingsframtakið með vistvænni neyslu á framangreindum stjórnunarstigum sé takmörkunum háð sem lausn á loftslagsvandannum. Ekki er leitast við að meta aðrar lausnir eða að stinga uppá öðrum betri valkostum, heldur einungis að taka fyrir einstaklingsframtakið með tilliti til vistvænnar neyslu.

Fjallað verður um vistvæna neysluhyggju og dregnar fram takmarkanir hennar sem lausn við loftslagsvanda áður en skoðuð eru dæmi um það hvernig áhersla á einstaklingsframtak og vistvæna neyslu birtist á alþjóðastigi og landsvísu. Ritgerðin leiðir í ljós þrenns konar takmarkanir vistvænnar neyslu sem lausnar á loftslagsvanda. Þar er um að ræða takmarkanir einstaklingsframtaksins, takmarkanir á því hvenær neysla er í raun vistvæn eða sjálfbær og hvernig vistvæn neysluhyggja leggur villandi áherslur á kjarna vandans. Meginniðurstaðan er sú að í alþjóðlegum aðgerðaáætlunum og aðgerðum íslenskra stjórnvalda er að finna greinilegar og áberandi áherslur á að stuðla að vistvænni neysluhyggju.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu frá stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hún er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi í stjórn málafræði og er skrifuð á vormisseri 2017. Leiðbeinandi var Silja Bára Ómarsdóttir, alþjóðasamskiptafræðingur og aðjúntkt í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni kærlega fyrir vandaða leiðsögn, góðar ábendingar og hvatningu. Ég vil einnig þakka Kristni Ársælssyni fyrir aðstoð og hjálplegar ráðleggingar. Að auki vil ég þakka fjölskyldunni, sérstaklega pabba og Sigurlaugu sem eru alltaf til taks til þess að lesa yfir og aðstoða. Síðast en ekki síst vil ég færa vinum mínum sem ég hef kynnst í náminu hjartans þakkir, þau eru endalaus uppspretta hvatningar og innblásturs.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1 Inngangur	6
2 Stefnumótun í kapítalísku umhverfi	8
2.1 Kapítalismi og loftslagsbreytingar	8
2.2 Lausnir í kapítalísku umhverfi	11
2.3 Kenningin um kapítalíska leikinn	13
3 Vistvæn neysluhyggja	17
3.1 Neysluhyggja	17
3.2 Neysla til góðs.....	19
3.3 Takmarkanir vistvænnar neysluhyggju.....	22
3.3.1 Vandamál sameiginlegra aðgerða.....	25
4 Vistvæn neysluhyggja á alþjóðlegu og staðbundnu stjórnunarstigi	28
4.1 Alþjóðlegir samningar.....	28
4.2 Einstaklings- og neyslumiðuð stefna á Íslandi.....	31
5 Umræður og lokaorð	34
Heimildaskrá	37

1 Inngangur

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru eitt alvarlegasta umhverfisvandamál samtímans. Ísland er aðili að Kyoto-bókuninni sem samþykkt var árið 1995 en samkvæmt henni skuldbatt Ísland sig til þess að halda útstreymi gróðurhúsalofttegunda innan 10% hækkunar miðað við útstreymi ársins 1990 á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, 2008 til 2012. Annað tímabil Kyoto-bókunarinnar hófst árið 2013 og skuldbatt Ísland sig að halda útstreymi til ársins 2020 eigi hærra en 80% af losun ársins 1990. Í París í desember 2015 tókst að ná samkomulagi um áframhaldið en þar skuldbundu ríki sig til að draga nægilega úr losun til að halda hlýnun vel innan 2°C hækkunar á þessari öld. (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2017:18).

Óhætt er að segja að Íslandi hafi mistekist að standa við skuldbindingar sínar. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi árið 2014 var 26% meira en 1990, að frátalinni bindingu vegna landnotkunar. Þar að auki er heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi talið geta aukist um 53% – 99% á milli 1990 og 2030 ef binding er undanskilin (Hagfræðistofnun HÍ, 2017:165-166). Að óbreyttu stefnir í að Ísland standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til 2030, þó að það megi teljast mögulegt ef leitað verður skilvirkra lausna og gripið til aðgerða. Ljóst er að taka þarf í taumana fljótt og vanda vel til verka í stefnumótun í loftslagsmálum næstu árin.

Það fer þó algjörlega eftir því hver er spurður um málefnið hvaða sjónarhorn til loftslagsbreytinga birtist og mismunandi er hvað fólk telur hindra að árangur náist á þessu sviði. Sá hópur fólks sem tileinkar sér vistvæna neyslu er líklegur til þess að segja að loftslagsbreytingar séu afleiðingar lífstíls Vesturlandabúa sem einkennist af ofnotkun auðlinda fyrir óþarfa neyslu. Æ fleirum virðist ljóst að neysla mannkyns er á hættulega háu stigi og því er haldið á lofti að viljum við halda áfram að neyta eins og við gerum þyrftum við margar jarðir til viðbótar við þá sem við höfum nú. Á undanförunum árum hefur því vistvæn neyslumenning átt auknum vinsældum að fagna.

Hugtakið vistvæn neysluhyggja (e. green consumerism) felur í sér neyslu, framleiðslu, kynningu og forgangsroðun vöru og þjónustu á forsendum umhverfisáhrifa þeirra. Vistvænn neytandi er sá sem lætur sér annt um umhverfið og reynir því eftir bestu getu að versla vistvænt vottaðar vörur sem sagðar eru menga umhverfið minna en aðrar (Shah, 2013:51). Yfirvöld víða um heim og alþjóðastofnanir hafa í auknum mæli lagt áherslu á það hversu mikilvægt skref vistvænir neysluhættir séu í átt að sjálfbæru samfélagi. Fjöl margar spurningar vakna þó um raunverulegt gagn vistvænnar

neysluhyggju í baráttu við loftslagsbreytingar þegar nánar er að gætt, ekki síst vegna þess að í henni felst að öll ábyrgð er lögð á herðar einstaklinga. Í þessari ritgerð verður leitast við að útskýra hvaða afleiðingar það getur haft að forgangsraða í þágu vistvænnar neyslu sem mögulegrar lausnar á loftslagsvandinum og litið á það hvernig áhersla á einstaklingsframtak í þágu loftslagsmála með vistvænni neyslu birtist á alþjóðastigi og í aðgerðum íslenskra stjórnvalda. Rök verða færð fyrir því að áhersla á einstaklingsframtakið og vistvæna neyslu á framangreindum stjórnunarstigum sé takmörkunum háð sem lausn á loftslagsvanda. Ekki verður leitast við að meta aðrar lausnir eða að stinga uppá öðrum betri valkostum.

Ritgerðin er heimildaritgerð og því stuðst við fyrirliggjandi gögn og heimildir til röksemdarfærslu, svo sem nýlegar fræðigreinar og skýrslur en einnig fræðirit sem staðist hafa tímans tönn. Ritgerðin samanstendur af fimm hlutum. Í öðrum hluta ritgerðarinnar eru ákvarðanir um loftslagsmál sem teknar eru af yfirvöldum ríkja og alþjóðasamfélaginu skoðaðar í ljósi þess að ríki heims spila eftir reglum nýfrjálshyggjunnar. Gerð verður grein fyrir því hvað bendir til þess að grunnforsendur kapítalískrar hugmyndafræði hafa leitt til þess að loftslagsbreytingar af mannavöldum hafi aukist. Nálganir í loftslagsmálum verða settar í samhengi við það kapítalíska umhverfi sem ríki búa við. Hugmyndir Robert Alford og Roger Friedland um mismunandi stig átaka í kapítalísku ríki og hinn kapítalíska leik verða kynntar til að greina mögulegar lausnir í loftslagsmálum. Í þriðja hluta verður litið á hvað felst í hugtakinu vistvæn neysluhyggja. Hugtakið neysluhyggja verður skoðað og skilgreint. Litið verður til kenninga um rót neysluhyggju í kapítalísmanum og hvað tengir hana við loftslagsbreytingar. Þar á eftir verður vistvæn neysluhyggja skilgreind og farið yfir gagnrýni sem sett hefur verið fram á hana. Hugmyndir Mancur Olson um vandamál sameiginlegra aðgerða verða kynntar í þessu samhengi. Í fjórða hluta eru dregin fram dæmi um það hvernig áhersla á vistvæna neyslu birtist sem lausn við loftslagsvandinum á alþjóðastigi og í aðgerðum íslenskra stjórnvalda. Í fimmta hluta verða niðurstöður umfjöllunarinnar kynntar og ræddar.

2 Stefnumótun í kapítalísku umhverfi

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tengslum loftslagsbreytinga og kapítalísma sem hefur verið áberandi í stjórnun og stefnumótun ríkja heims í auknum mæli síðustu aldirnar. Í upphafi verður litið á það sem bendir til þess að grunnforsendur kapítalískrar hugmyndafræði hafi leitt til þess að loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa aukist eins mikið og raun ber vitni og að nú stefni í óafturkræfar afleiðingar fyrir vistkerfi jarðarinnar. Í kjölfarið verður skoðað hvaða nálganir á lausnir í loftslagsmálum eru áberandi í kapítalísku umhverfi. Að lokum verða hugmyndir Alford og Friedland um mismunandi stig átaka í kapítalísku ríki og hinn kapítalíska leik kynntar, en stuðst verður við umfjöllun Erik Olin Wright um kenningar þeirra. Hugmyndirnar gagnast sem greiningartæki til þess að setja mögulegar lausnir í loftslagsmálum í samhengi við átök innan kapítalísks samfélags.

2.1 Kapítalismi og loftslagsbreytingar

Í sögulegu samhengi kom kapítalismiinn fyrst fram í Vestur-Evrópu í upphafi sextándu aldar og hefur síðan þanist út um allan heim (Wallerstein, 1974:400-402). Kostir hans hafa löngum verið taldir margir og honum er oft þakkað að við búum við þau lífsgæði sem raun ber vitni í dag. Kapítalismi er ákveðin leið til þess að skipuleggja hagkerfi samfélags (Wright, 2010:34). Kapítalísk hagkerfi voru hönnuð til skilvirkrar úthlutunar á auðlindum og hugviti manna til þess að bæta lífsgæði fyrir þá sem eru tilbúnir og færir um að taka þátt í kerfinu. Kapítalismiinn hefur þótt gefa sýnilegan árangur í því að gera mannfólkinu kleift að breyta náttúruauðlindum í vörur sem hægt er að eiga viðskipti með og öðlast þannig efnahagslegan gróða á markaði. Með því að umbreyta auðlindum í markaðsvörur hefur kapítalismiinn skapað auð og velsæld sem áður þekktist ekki. Fræðilega séð getur framleiðsla auðs og sameiginleg lífsgæði samfélaga aukist stöðugt undir þessu efnahagslega líkani. Og þó að uppsöfnun auðs hafi til þessa leitt af sér ósjálfbæra eyðingu náttúruauðlinda, gefur hagfræðilíkan kapítalismans til kynna að þegar halla fer virkilega á auðlind finni markaðurinn annan valkost í staðinn. Út frá þessu er kapítalismiinn talinn vera skilvirk aðferð til þess að búa til meiri auð og meiri félagslega hagsæld (Park, 2015:189).

Frjálshyggjan er drifin áfram af lögmáli kapítalismans um framboð og eftirspurn. Lögmálið gerir ráð fyrir því að hver neytandi sé hæfur til þess að taka rökrétta, upplýsta ákvörðun um kaup og neyslu. Ef ávinningur þess að kaupa hlut er meiri en kostnaðurinn metur neytandi sem svo að kaupin borgi sig. Jafnframt er sú forsenda gefin að neytendur

stýri eftirspurn og framleiðendur muni aðeins framleiða magn háð eftirspurn neytenda. Í orði er því kapítalisminn skilvirk aðferð við að útdeila auðlindum á sanngjarnan og hagkvæman hátt út í samfélagið. Kenning kapítalismans felur í sér að við munum ekki nýta auðlindir í vörur nema þær vörur feli í sér meiri ávinning en kostnað fyrir samfélagið (Park, 2015:191).

Þótt kapítalisminn hafi skapað ofgnótt af félagshagfræðilegum kostum á tiltölulega stuttri sögu sinni, hefur hann einnig orsakað ófyrirsjáanlegar og óæskilegar afleiðingar. Í kapítalísku hagkerfi er gert ráð fyrir því að eftirspurn stýri magni vara sem framleiddar eru, en þó er það svo að flestri framleiðslu fylgir aukaafurð. Með getu okkar til þess að vinna úr og neyta gríðarlega mikils magns af náttúruauðlindum fylgir líka samsvarandi yfirgengilegt magn úrgangs, losunar gróðurhúsalofttegunda og fleira sem getur valdið umhverfinu skaða. Loftslagsbreytingar hafa verið alvarlegasta afleiðing óhóflegrar loftmengunar af mannavöldum (Park, 2015:189).

Flest ríki búa við svokölluð blönduð hagkerfi sem einkennast af mismikilli íhlutun stjórnvalda á markaði og blöndu af ríkisreknum og einkareknum atvinnurekstri. Því mætti segja að til séu fjölmargar tegundir og útfærslur af kapítalísma og í gegnum tíðina hafa verið til enn fleiri (Wright, 2010:35). Öll ríki sem taka þátt í alþjóðlegum viðskiptum spila þó eftir kapítalískum reglum nýfrjálshyggjunnar. Þetta á í raun við um næstum hvert einasta ríki í heiminum. Hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar er útbreidd og meitluð í menningu nútímasamfélaga og liggur að baki ákvörðunum einstaklinga og stjórnvalda um flest málefni. Umhverfismál eru þar engin undantekning (Park, 2015:196-197).

Flestir taka kapítalísmanum sem sjálfsögðu samfélagslegu skipulagi. Beiting kapítalískra kenninga er ekki fullkomin aðferð vegna þess að í reynd eru gallar á forsendum þeirra og þær standast því ekki eins og lagt er upp með. Félagssfræðingurinn Erik Olin Wright rekur í bók sinni frá 2010 fræðilega gagnrýni á kapítalísmanum í ellefu þáttum. (1) Kapítalisminn leiðir af sér óæskilega stéttaskiptingu. (2) Kapítalisminn kemur í veg fyrir að allir einstaklingar geti blómstrað á sínum forsendum. (3) Kapítalisminn heldur uppi óbilandi trú á að frelsi og sjálfstæði einstaklingsins sé tryggt með hugmyndafræði frjálshyggjunnar. (4) Kapítalisminn heldur uppi hugmyndinni um jöfn tækifæri, sem dregur úr raunveruleika félagslegs óréttlætis. (5) Þó að kapítalisminn sé talinn skila hagkvæmni, er hann óhagkvæmur á mikilvægum sviðum, þar á meðal þegar kemur að nýtingu náttúruauðlinda. (6) Markaðsvæðing ógnar mikilvægum mannlegum

gildum. (7) Í heimi þjóðríkja styrkir kapítalismi hervaldsstefnu og heimsvaldastefnu. (8) Kapítalismi grefur undan hugmyndinni um samfélag. (9) Kapítalismi takmarkar lýðræði og hefur tilhneigingu til margræðis. (10) Kapítalismi hefur kerfisbundna tilhneigingu til neysluhyggju. (11) Kapítalismi er skaðlegur vistkerfinu (Wright, 2010:37-85). Þættirnir ellefu tengjast að sjálfsögðu allir, en viðfangsefni þessarar ritgerðar á fyrst og fremst við um þætti 10 og 11.

Kapítalismi stuðlar að umhverfisvanda á mismunandi vegu. Þeir þættir eru hluti af almennri gagnrýni á kapítismann en þó er mjög mikilvægt að nefna þá sérstaklega í sambandi við umhverfismál. Í fyrsta lagi er kerfisbundinn þrýstingur á fyrirtæki að hámarka heildarhagnað sinn. Ekki er lagður kostnaður á neikvæð ytri umhverfisáhrif sem fjárhagslegur hagnaður fyrirtækja getur skapað og því skortir hvata til þess að taka þau áhrif til greina. Það sama má segja um einstaklinga, því fjárhagslega hagkvæmar ákvarðanir þeirra hafa líka neikvæð ytri áhrif á umhverfið sem ekki eru verðlögð, þó áhrif fyrirtækja geti verið mun meiri en einstaklinga. Fyrirtæki standa einnig frammi fyrir þrýstingi um að minnka stöðugt kostnað fyrir neytendur en það fer ekki alltaf saman við umhverfissjónarmið. Það getur verið erfitt að koma í veg fyrir þessi áhrif á frjálsum markaði (Wright, 2010:69). Í öðru lagi hefur áhersla á stanslausa framleiðni leitt af sér neyslumenningu sem er skaðleg vistkerfinu, en nánar verður farið yfir þann þátt í kafla 3.1.

Við vitum nú að megináðferð mannkyns til að framleiða orku eftir iðnbyltingu, bruni jarðefnaeldsneytis, losar koltvísýring og aðrar gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið, sem hitar upp jörðina og hefur alvarleg áhrif á loftslagskerfið. Loftslagsbreytingar af mannavöldum ógna vistkerfi jarðar og eru eitt mest krefjandi vandamál sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir til þessa. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (e. Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC) sem sett var á laggirnar árið 1988 hefur það hlutverk að taka saman vísindalegar, tæknilegar, félagslegar og efnahagslegar upplýsingar um grundvöll þekkingar á loftslagsbreytingum af mannavöldum. Úttektirnar fjalla um þekkingu á loftslagsbreytingum af mannavöldum, um afleiðingar þessara breytinga og aðlögun og viðbrögð til að sporna við þessum breytingum (Halldór Björnsson, Veðurstofa Íslands). Rannsóknir á vegum nefndarinnar gefa til kynna að ef hitastig jarðar hækkar um meira en 2°C verði afleiðingarnar hörmulegar fyrir lífríkið. Sjávarborð myndi hækka um meira en einn metra og strandir og lágliggjandi eyjar hverfa undir sjó. Skógareldum myndi fjölga og eyða stórum svæðum eftirlifandi skóga. Sum svæði yrðu fyrir miklum rigningum og flóðum en

önnur þjást af löngum tímabilum alvarlegra þurrka. Öfgar í veðri, svo sem fellibylir og óveður, myndu aukast (IPCC, 2014:4-6).

Ef mannkynið á að leysa úr því vandamáli sem loftslagsbreytingar eru þarf strangar, skýrar takmarkanir á það magn af mengun í andrúmslofti sem losuð er á heimsvísu. Að meðaltali verða ríki heims að draga úr losun um 3% á ári og auðugari ríkin (OECD ríkin) um það bil 10% (Foster, 2015:2). Hagkvæmar lausnir á loftslagsbreytingum munu því krefjast alþjóðlegra samninga og skuldbindinga ríkja til þess að draga verulega úr óumhverfisvænum framleiðslu- og neysluháttum. En eins og kapítalískt kerfi er í dag er það hvorki hannað til þess né fært um að breyta frá eigin tilhneigingu til ósjálfbærs vaxtar. Helstu forsendur kapítalisma nýfrjálshyggjunnar gera þetta kerfi ófært um að leiðrétta loftslagsbreytingar undir formerkjum hans (Park, 2015:189).

Efasemdafólk er fljótt að bregðast við þessum spám og benda á að loftslag er og hefur alltaf verið í stanslausu ferli breytinga (Lindzen, 2011:1). Fáar ástæður eru til þess að draga það í efa. Hins vegar benda ógrynni gagna til þess að síðustu 420 þúsund árin hafi það ferli breytinga verið á hraða sem gerir lífverum jarðar kleift að aðlaga sig nýjum aðstæðum jafnóðum. Þó að breytingar á loftslagi hafi gert það að verkum að tegundir hafi helst úr lestinni í gegnum tíðina benda afleiðingar loftslagsbreytinga á þeim skala sem sést hefur síðustu aldir til þess að fáar núlifandi tegunda muni geta aðlagað sig nógu hratt (Petit o.fl., 1999:429-436).

Nokkur samstaða virðist ríkja um að brýnt sé að grípa til aðgerða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæðar afleiðingar sem loftslagsbreytingar geta haft í för með sér. Ekki má vanmeta þörfina á aðgerðum á öllum stigum samfélagsins, af hálfu stjórnvalda, fyrirtækja og einstaklinga. IPCC leggur þó á það áherslu í fimmtu úttektarskýrslu sinni frá árinu 2014 að ekki muni nást nægur árangur með frumkvæði einstaklinga eða einstakra fyrirtækja. Auðveldasta, hagkvæmasta og fljótlegasta leiðin fram á við væri að spara óumhverfisvæna orkugjafa sem nauðsynlegt sé að gera með átaki á alþjóðastigi, landsvísu og svæðisbundið (IPCC, 2014:17).

2.2 Lausnir í kapítalísku umhverfi

Það verður mannkyninu prófraun að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda og halda sig innan 2°C hitnunar. Það eru hins vegar ótal mismunandi leiðir í boði til þess að ná því markmiði. Hægt er að flokka leiðirnar á ýmsa máta, en ein leiðin er að horfa til þess

hvaða pólitíska hugmyndafræði liggur að baki og hvernig hún samræmist ríkjandi hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar.

Opinber stefnumótun síðustu 25 ára hefur einkennst af hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar. Í ljósi þess má leiða líkum að því að áhersla í loftslagsmálum gangi út frá þeim skilyrðum sem sú hugmyndafræði byggir á. Fræðimenn hafa tekist á um það hvaða nálgun sé best til þess fallin að tryggja árangur í loftslagsmálum. Hér verða teknar stuttlega fyrir þrjár ólíkar nálganir sem finna má í fræðunum og á öðrum umræðuvettvangi þessara mála og þær kynntar út frá því hversu gagnrýnar þær eru á hefð og grundvallarsýn kapítalismans. Sú fyrsta er að bestu lausnir sé að finna á frjálsum markaði og þar af leiðandi sé aðgerðaleysi stjórnvalda á öllum stigum mikilvægt. Önnur byggir á einstaka stjórnþækjum sem setja markaðinum skorður eða stýra honum en byggja ekki á stórvægilegum breytingum. Sú þriðja byggir á alhliða kerfisbreytingum og breyttri grundvallarsýn.

Matthew Kahn er einn þeirra sem undirstrikar að lausnir við loftslagsbreytingum megi finna með kapítalískum leiðum. Í bók sinni, *Climatopolis: How Our Cities Will Thrive in the Hotter Future*, heldur hann því fram að óheftur kapítalismi sé lykillinn að því að halda loftslagsbreytingum í skefjum. Rök hans eru byggð á þeirri hugmynd að eftir því sem við neytum meira og sköpum meira fjármagn, aukist lífsgæði og samhliða því gæði þess sem við neytum. Vegna þess að neytendur í kapítalísku samfélagi eru skynsamir og íhuga allar þær afleiðingar sem neysla þeirra hefur, munu þeir krefjast þess að markaðurinn bjóði upp á vörur sem stuðli að meiri félagslegri og umhverfisvænni velferð. Eftir því sem markaðurinn skapar betri lífsgæði og meiri auð fyrir fleira fólk eykst eftirspurn eftir umhverfisvænni vörum (Khan, 2010:21-48). Í kjarna þessarar röksemdafærslu býr trú á tvær af lykilforsendum kapítalismans, að neytandinn sé alltaf skynsamur í neyslu sinni og hafi vitneskju um allar þær afleiðingar sem neysla hans getur haft og mun hafa.

Jane Andrew, Brian Andrew og Mary Kaidonis eru í hópi þeirra sem blanda sér í þessa umræðu. Í grein sinni frá 2009 halda þau því fram að mestur árangur myndi nást með hefðbundnum stjórnþækjum, svo sem skattlagningu á óumhverfisvæna orkugjafa. Skattlagning setur ríkið vissulega í stjórnsætið við reglusetningu og úrlausnir á loftslagsbreytingum. Aðferðin er í eðli sínu ólík ríkjandi hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar þar sem um inngríp á frjálsum markað er að ræða. Einn af hornsteinum þessarar aðferðar er þó að hún krefst ekki róttækra félagslegra og pólitískra umbreytinga og viðheldur því kapítalísku hagkerfi (Andrew, Andrew og Kaidonis, 2009:611).

Andrew Dobson er höfundur bókarinnar *Green Political Thinking*, þar sem hann dregur fram gagnrýni visthyggju (e. ecologism) annars vegar og umhverfshyggju (e. environmentalism) hins vegar, á ríkjandi hugmyndafræði nýfrjálshyggju og nálgun hennar á lausnir við loftslagsbreytingum. Dobson heldur því fram að reginmunur sé á þessum tveimur hugtökum og að ekki sé sjálfsagt né skynsamlegt að rugla þeim saman sem pólitískri hugmyndafræði í þágu umhverfisins. Hann bendir á að merking umhverfshyggju sé einföldun á merkingu réttara hugtaksins, visthyggju og að nauðsynlegt sé að aðgreina þau. Samkvæmt honum merkir hugtakið visthyggja það að áframhaldandi sjálfbær tilvist manna á jörðinni krefjist róttækra breytinga á félagslegum og pólitískum kerfum sem og á sambandi okkar við vistkerfið allt. Hugtakið umhverfshyggja segir Dobson að feli í sér stjórnunarmiðaðar lausnir á umhverfisvandamálum (e. managerial approach to environmental problems) og þá trú að hægt sé að leysa þau með vitundarvakningu og breytingum á hegðun, en án þess að gera grundvallarkerfisbreytingar. Á meðan þeir sem aðhyllast umhverfshyggju einbeita sér að breytingum viðhorfa til hins efnislega heims byggist visthyggja á öllum þeim kerfislægu breytingum sem þarf til að stuðla að sjálfbærri þróun (Dobson, 2007:2-5). Út frá sjónarhorni visthyggju er framleiðslu- og hagvaxtarhyggja (e. productivism, growthism) forsenda þess að ekki næst sjálfbærni og ógn steðjar að vistkerfum jarðar (Gahrton, 2015:12-14).

2.3 Kenningin um kapítalíska leikinn

Til þess að setja þessar mismunandi nálganir á lausnum í umhverfismálum í frekara samhengi við stoðir kapítalískrar hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar er gagnlegt að líta á kenningar Robert Alford og Roger Friedland um stefnumótun í samhengi við pólitísk átök. Kenningarnar setja þeir fram í bók sinni frá árinu 1985, *The Powers of Theory, Capitalism, the State, and Democracy*. Þar skoða þeir kosti og galla þriggja fræðilegra sjónarmiða um ríki sem þeir telja að séu áberandi í fræðunum og leitast við að búa til nýja kenningu um ríki í ljósi kosta og galla hinna eldri sjónarmiða; margræðissjónarmiða (e. pluralism), stjórnunarsjónarmiða (e. managerial) og stéttasjónarmiða (e. class) (Alford og Friedland, 1985:4-5).

Hvert sjónarmið leggur áherslu á ákveðið stig greiningar. Margræðissjónarmið lítur til einstaklingsins, stjórnunarsjónarmið til skipulagsins og stéttarsjónarmið til samfélagsins. Greiningarrámi sem inniheldur öll sjónarmið er hjálplegri en hvert þeirra, eitt og sér. Þar að auki verður að taka tillit til þess að ríki búa við skipulag kapítalísma,

skrifræðis og lýðræðis, en þeir takmarka kenningu sína við ríki sem hafa það skipulag og verður það einnig gert í þessari ritgerð. Pólitísk ákvarðanatöku innan ríkja er auðskiljanlegri sé hún sett í samhengi við skipulag ríkisins og skoðuð út frá öllum sjónarhornum eftir því hvaða hagsmunir eru í húfi (Alford og Friedland, 1985:6). Áhersla hvers sjónarmiðs birtist í mismundi birtingarmyndum valds, en Alford og Friedland flokka pólitísk átök í kapítalískum ríkjum í kerfisbundið vald (e. systemic power), stofnanabundið vald (e. structural power) og aðstæðubundið vald (e. situational power) (Alford og Friedland, 1985:10).

Erik Olin Wright lýsir greinarmun þessara þriggja tegunda af valdaátökum vel með samlíkingu við leik í bók sinni frá 2015, þar sem hann notast við kenningar Alford og Friedland og gerir grein fyrir þeim. Átök um kerfisbundið vald fela í sér átök um hvaða leik eigi að leika. Átök um stofnanabundið vald snúast um hvaða reglur eigi að gilda í leiknum. Átök um aðstæðubundið vald fela í sér hreyfingar og breytingar á atriðum leiksins út frá því umhverfi sem settar reglur skapa (Wright, 2015:118-119).

Það getur verið hjálplegt að hugsa um þetta eins og íþróttir. Mismunandi íþróttir henta ólíkum íþróttamönnum með ólíka eiginleika og því hafa þeir áhuga á að leggja stund á tiltekna íþrótt umfram aðra. Ímyndum okkur tvo ólíka íþróttamenn, annar er lágvaxinn og þrekinn og hinn er hávaxinn og grannur, í heimi þar sem aðeins má leika eina íþrótt af tveimur, körfubolta eða kúluvarp. Ef körfubolti væri ríkjandi íþróttin yrði sá stutti augljóslega jaðarsettur. Þegar leikirnir fara fram skipta settar reglur máli fyrir ólíka hagsmuni leikmanna og breytingar á þeim geta verið sumum leikmönnum í hag en öðrum til trafala. Settar reglur gefa leikmönnum tækifæri til þess að þjálfa upp aðferðir til þess nýta það svigrúm sem þær gefa sér í hag. Með tímanum fer svigrúmið sem regluumhverfið skapar að breyta leiknum á ýmsa vegu. Þá yrði reglunum breytt eða þær lagaðar að kröfum til þess að tryggja valdajafnvægi milli leikmanna (Wright, 2015:119).

Á þennan hátt er hægt að skilja hvernig mismunandi stjórnmalastefnur leggja áherslu á breytingar á ólíkum stigum leiks sem við köllum kapítalískt ríki. Byltingarkennd stjórnmal (e. revolutionary) takast á við íhaldssöm stjórnmal (e. counterrevolutionary) um hvaða leik eigi að leika. Á sumum tímum og stöðum hafa þessar andstæður verið kenndar við kapítalisma á móti sósíalisma en er alls ekki einskorðað við það. Umbótastefna (e. reformist) og afturhaldsstefna (e. reactionary) innan kapítalískra ríkja heyja baráttu um yfirráð yfir reglum kapítalismans. Hvers konar lög og reglur skuli setja á frjálsan markað, hvaða tryggingar gegn áhættu skuli veittar af ríkinu og fleira. Hinn kapítalíska leik má spila samkvæmt fjölmörgum reglum sem skipta

máli að því leyti að sumum eru settar skorður til þess að ná fram markmiðum um valdajafnvægi eða annars konar samfélagslegan ágóða. Átök um stofnanabundið vald birtast í því hvaða lög og reglur eigi að gilda í kapítalísku ríki. Alford og Friedland líkja átökum um aðstæðubundið vald við átök hagsmunahópa og mismunandi félagsafla í samfélaginu sem ekki fela í sér breytingar á stofnunum, reglum eða kerfum. Dæmi um slíkt væri forgangsröðun útgjalda, skattahlutföll, úthlutun ríkisstyrkja og hver þau áhrif sem hagsmunahópar geta haft (Wright, 2015:120).

Tafla 1. Kapítalíski leikurinn

Stig birtingarmyndar valds	Leikjalíking	Pólítískt form átaka	Hvað er í húfi í átökunum
Kerfisbundið stig	Hvaða leik skuli leika	Byltingarkennd/ Íhaldssöm	Andstæða við kapítalisma
Stofnanabundið stig	Reglur leiksins	Umbótastefna/ Afturhaldsstefna	Mismunandi afbrigði kapítalisma
Aðstæðubundið stig	Hreyfingar innan leiks	Stórmál hagsmunasamtaka	Fjárhagslegir hagsmunir

Ríki eru að sjálfsögðu mun flóknari en birtist í þessu líkani. Það er ekki alltaf skýrt hvar á að draga mörkin á milli breytinga á reglum leiksins og breytingu frá einum leik til annars. Sá möguleiki er til staðar að samanlögð áhrif af minni breytingum á reglum geti breytt eðli leiksins að svo miklu leyti að á endanum sé verið að leika nýjan leik. En engu að síður virkar myndlíking þeirra á breytingum á mismunandi stigum í kapítalísku samfélagi sem hjálplegur rammi til að staðsetja ákvarðanir, sýn, eða nálganir í stefnumótun í umhverfismálum.

Þær þrjár nálganir sem birtast í umræðu um lausnir og stefnumótun (sjá kafla 2.2) í loftslagsmálum er hægt að staðsetja innan kenningarinnar um kapítalíska leikinn. Hugmyndafræði líkt og visthyggja byggir á kröfu um róttækar breytingar á félagslegum og pólítískum kerfum og á sambandi okkar við vistkerfið allt. Hér er barist um kerfisbundna valdið og það að í þágu vistkerfis sé annar leikur leikinn en kapítalisminn. Aðferðir Andrew, Andrew og Kaidonis byggja á því að nýta okkur núgildandi reglur kapítalíska leiksins til þess að takast á við loftslagsbreytingar og er því um að ræða átök um aðstæðubundið vald. Nálgun Khans, sem byggir á því að bestur árangur í loftslagsmálum náist með óheftum markaði, samræmist því stigi í líkaninu þar sem tekist

er á um stofnanavald. Óheftur markaður felur í raun í sér takmarkaðar reglur og að kapitalíska leikurinn skili meiri árangri þannig.

Ríki heims leika eftir kapitalískum reglum nýfrjálshyggjunnar. Því verður að teljast rökrétt að skoða ákvarðanir sem teknar eru af yfirvöldum ríkja sem og alþjóðasamfélaginu hvað varðar loftslagsmál í því ljósi, líkt og kenningin um kapitalíska leikinn býður uppá. Áherslur á vistvæna neysluhyggju og ákvarðanir undir formerkjum hennar eru að finna víða, bæði í alþjóðasamþykktum og stefnumótun stjórnvalda innan ríkja, þar á meðal á Íslandi. Þær áherslur verða því skoðaðar í samhengi við umfjöllun þessa kafla um ákvarðanir í loftslagsmálum í ríkjandi kapitalísku stjórn málaumhverfi.

3 Vistvæn neysluhyggja

Hugmyndir í anda vistvænnar neyslumenningar hafa náð miklum vinsældum undanfarna áratugi á meðal þeirra sem vilja berjast gegn loftslagsbreytingum. Í kjölfarið hefur því hugtakið vistvæn neysluhyggja (e. green consumerism) orðið algengara rannsóknarefni meðal fræðimanna. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvað felst í hugtakinu. Í upphafi verður hugtakið neysluhyggja skoðað og skilgreint. Litið verður til kenninga um uppruna og rót neysluhyggju í kapítalísmanum og hvað tengir hann við loftslagsbreytingar. Þar á eftir verður vistvæn neysluhyggja skilgreind og farið yfir gagnrýni sem sett hefur verið fram á áherslu á vistvæna neyslu sem lausn á loftslagsbreytingum. Sérstaklega verður horft til kenningar Mancur Olson um vandamál sameiginlegra aðgerða.

3.1 Neysluhyggja

Neysla sem slík er ekki vandamál og í raun eðlilegur hluti af mannlífi. Við þurfum að neyta bæði matar og drykkjar, kaupa föt til þess að halda á okkur hita, skýla okkur fyrir sólu og svo framvegis. En við neytum ekki lengur einungis fyrir líkamlegar þarfir heldur hefur mannkynið nú í langan tíma neytt munaðarvöru sem skipir litlu máli fyrir lífsafkomu. Neysluhyggja er ekki ný af nálinni þó að erfitt sé að setja nákvæma tímasetningu á upphaf þeirra lífshátta. Í þrengsta skilningi er hugtakið neysluhyggja sú hugsun að afla sér efnislegra gæða. Í stærra samhengi snýst hún um það að líf einstaklinga snúist að miklu leyti um að kaupa og eignast hluti og það verður stór hluti af sjálfsmynd okkar (Stefán Ólafsson, 1996:87-88).

Til þess að skilja hve djúp áhrif neysluhyggjan hefur á lífshætti Vesturlandabúa er nauðsynlegt að komast að þeim grunni sem hún byggir á. Stefán Ólafsson greinir frá þrenns konar skýringum á hvernig neysluhættir leiddu til nútíma neysluhyggju. Í fyrsta lagi eru skýringar í anda Adam Smith sem byggja á hugmyndum um mannlegt eðli. Maðurinn hefur óskir sem hann leitast eftir að uppfylla en það fer eftir efnum og aðstæðum hversu margar óskir hann getur uppfyllt. Þannig er aukin neysla einungis afleiðing af fleiri tækifærum mannsins til þess að uppfylla óskir sínar. Í öðru lagi sé hægt að líta til kenninga um félagsmótun og félagslega og efnahagslega stýringu. Maðurinn er ekki virkur í ákvörðunum um eigin neyslu heldur stýrist hann af ytra umhverfi. Í þriðja lagi eru kenningar um það að einstaklingar móti sjálfir sína eigin neysluhegðun (Stefán Ólafsson, 1996:91-93).

Þriðja skýringin er sú sem hefur náð mestu flugi. Skýringin er að mörgu leyti sótt í sígilt rit Thorstein Veblen, *The Theory of the Leisure Class*, sem kom út árið 1899. Þar setur hann fram kenningar um neysluhyggju sem byggja á rannsóknum á kapítalísku umhverfi og stéttaskiptingu í samtíma hans. Samkvæmt þeim kenningum búa efstu stéttir samfélagsins við fríðindi sem nútímamönnum væri efst í huga að tryggja sér. Þessi fríðindi felast fyrst og fremst í efnislegum gæðum sem hægt er að skarta til þess að gera grein fyrir samfélagsstöðu sinni. Kenningar Veblen fela í sér að neysla verður gædd félagslegri merkingu því neysluvarningurinn fær tákni um það hvaða stöðu þú hefur öðlast. Kenningar hans eru af mörgum taldar geta skýrt það sem einkennir neysluhyggju nútímans svo sem endalaus þörf fyrir nýjungar, viðvarandi óánægju þrátt fyrir góð lífsskjör og óbilandi eftirspurn eftir vinnu þrátt fyrir góða efnahagsstöðu (Stefán Ólafsson, 1996:94-5).

Einn af þeim kostum sem taldir eru fylgja kapítalísmanum er að hann hafi tilhneigingu til að auka framleiðni með tímanum. Aukin framleiðni getur haft ýmsar afleiðingar og mestar líkur eru á að það skapi tvenns konar aðstæður. Annars vegar gætum við framleitt sama magn af gæðum með minni aðföngum eða við gætum framleitt meiri gæði með sama magni af aðföngum. Þetta gefur til kynna að í kapítalísku umhverfi felist kerfisbundin hlutdrægni gagnvart endalausri aukningu á framleiðslu. Það er tilhneiging markaðsdrifinnar samkeppni kapítalísmans að leggja ofuráherslu á vöxt heildarframleiðslu í hagkerfum. Þetta leiðir af sér síaukna neyslu sem studd er af menningu sem leggur áherslu á að neysla færi mönnum ánægju og því er viðeigandi að rekja rætur neysluhyggju til kapítalísmans á þennan hátt (Wright, 2010:66).

Neysluhyggja er að sjálfsögðu einungis vandamál ef sívaxandi neyslu fylgja neikvæðar afleiðingar. Það eru ýmsar vísbendingar um það að neysluhyggja og neyslumenning hafi neikvæð áhrif eða afleiðingar. Fyrst má nefna að margir í afkastamiklum þjóðfélögum upplifa neysluna sem tímaþjóf. Tímaskortur er stöðug uppspretta streitu í nútíma samfélögum, en menningarleg pressa og stofnanalegt fyrirkomulag sem fylgir neysluhyggju gerir fólki erfitt fyrir að takast á við vandamál sem fylgja tímaskorti. Aðrir halda því fram að neysluhyggja kapítalísmans leiði til innihaldslausara og minna fullnægjandi lífs en þess sem er lífað fjarri neyslumenningu. Enn aðrir benda á að neyslumenning ýti undir misskiptingu í samfélaginu. En jafnvel þeir sem taka afstöðu gegn neyslumiðuðum lífsstíl mæta markvissum stofnanalegum hindrunum ef þeir reyna að yfirgefa neyslumiðaðan lífsstíl, því neyslumenningin er

innbyggð í kapitalísk samfélög. Síðast en ekki síst hefur ýmislegt gefið til kynna að neysluhyggjan sé skaðleg fyrir umhverfið og vistkerfið allt (Wright, 2010:68-69).

Loftslagsbreytingar hafa fyrr á tímum verið tengdar náttúrulegum ferlum en frá því um miðja tuttugustu öldina hefur aukin þekking leitt í ljós að athafnir mannsins hafa ekki síður áhrif á vistkerfið allt (Halldór Björnsson o.fl., 2008:3). Neysla hefur þó verið miðpunktur umræðunnar á alþjóðaráðstefnum um umhverfismál og loftslagsbreytingar undanfarin ár. Rík samstaða ríkir um það að auðlindir láti nú stórlega á sjá vegna ofneyslu mannkyns. Lítil samstaða ríkir hins vegar um hver beri ábyrgðina á vandamálinu og hver skuli bera kostnaðinn af lausnunum.

Rannsóknir gefa hins vegar til kynna að iðnvæddu Vesturlöndin eigi mesta sök á vandanum. Gríðarlegur munur er á magni neyslu og ágengi á auðlindir milli landa eftir því hversu auðug þau eru. Samkvæmt rannsóknum og útreikningum fræðimanna má tengja hvert bandarískt barn við að meðaltali 280 sinnum meiri umhverfisskaða heldur en barn frá Haítí eða Tsjad. Á hverjum degi neytir Bandaríkjamaður 30 til 50 sinnum meira en fólk sem býr í efnahagslega bágstöddum löndum, til að mynda Hondúras. Ríku Vesturlöndin eiga líka mjög stóran hlut í losun gróðurhúsalofttegunda sem valda hlýnun jarðar. Árleg losun koltvísýrings á hvern íbúa Bandaríkjanna er fimm tonn, en til samanburðar er koltvísýringslosun að meðaltali á hvern íbúa í ríkjum suðaustur Asíu 0,19 tonn (Wilk, 2006:421-422). Á hinn bóginn er heildarlosun koltvísýrings í fjölmennustu ríkjum heims nærri jafnmikil og í Bandaríkjunum þó að losun á hvern íbúa sé mun minni. Ef 1,3 milljarður Kínverja losaði jafn mikið að meðaltali og hver Bandaríkjamaður myndi hraði loftslagsbreytinga því aukast til muna. Það er hins vegar erfitt að banna Kína og fleiri ríkjum sem hafa lengi verið bágstödd efnahagslega að bæta lífsgæði sín þegar Vesturlöndin sem bera mesta ábyrgð á loftslagsbreytingum hafa notið góðs af ofneyslu sinni (Wilk, 2009:266).

3.2 Neysla til góðs

Vistvæn neysluhyggja er fyrirbæri í neyslumenningu nútímans. Hugtakið felur ekki endilega í sér minni neyslu af nokkru tagi. Vistvænn neytandi er sá sem lætur sér annt um umhverfið og reynir því eftir bestu getu að versla vistvænt eða umhverfissvænt vottaðar vörur. Þessir neytendur versla til dæmis vörur í fyrirferðarlitlum eða engum pakkningum, gerðar úr náttúrulegum efnum og vörur sem eru merktar vistvænar eða lífrænar og gefa sig út fyrir að menga umhverfið minna en aðrar. Vistvæn neysluhyggja vísar til

framleiðslu, kynningar og forgangsröðunar vöru og þjónustu á forsendum umhverfisáhrifa þeirra.

Rannsóknir á vistvænni neysluhyggju hófust á níunda áratug liðinnar aldar í Englandi. Síðan þá hefur hugtakið oft verið sett undir hatt siðrænnar neysluhyggju og rannsakað undir þeirri yfirskrift. Það hugtak hefur breiðari skírskotun og felur í sér neyslu undir fleiri siðferðislega stýrðum formerkjum. Siðræn neysluhyggja er í dag regnhlífarhugtak fyrir neysluhætti með umhverfisvernd, dýravernd eða vernd mannréttinda í huga. Allar hugmyndir innan regnhlífarhugtaksins hafa hlotið aukna athygli og vinsældir á síðustu áratugum og áhrif þeirra er að finna á ýmsum sviðum samfélagsins. Umhverfisvænar merkingar eru nú orðnar eftirsóknarverðar fyrir framleiðsluaðila sem margir keppast við að merkja vörur sínar í bak og fyrir. Sumir vilja meina að siðferðisleg neysla sé það allra eftirsóknarverðasta og mest áberandi í markaðssetningu vöru í dag (Pezzini, Garðarsdóttir, 2012:1). Dæmi um vistvæna neysluhegðun eru tvinnbílar, „fair trade“ kaffi og rafmagnssparsöm sjónvörp (Lewis Akenji, 2014:13).

Ástæður þessara vinsælda vistvænnar neyslu á meðal fólks hafa vakið forvitni fræðimanna. Ein mögulegra ástæðna er aukið vægi fjölmiðla og samfélagsmiðla á daglegt líf fólks, aukið vægi upplýsinga og þekkingar í samfélaginu og fjölbreyttara val neysluvara (Newholm og Shaw, 2007:254). Leiða má líkur að því að um sé að ræða viðbrögð fólks við nýjum gildum gagnvart umhverfinu þar sem neysla vistvænna vara verður merki þess að neytandinn sé upplýstur og honum annt um umhverfið.

Í hugmyndinni um vistvæna neyslu felst löngunin til að láta ekki af lúxuslifnaði og að viðskipti eftir reglum kapítalismans geti haldið áfram á sömu braut ef neytendur bara bera hag umhverfisins fyrir brjósti. Með öðrum orðum hefur umhyggju fyrir vistkerfinu og umhverfinu verið beint inn á markaðinn með eftirspurn neytenda eftir umhverfisvænum vörum. Ferð út í næstu matvöruverslun getur staðfest það að margir framleiðendur hafa brugðist við eftirspurn með útbreiðslu á vistvænum vörum. Krafan um vistvænar vörur og aukið framboð þeirra á markaði virðist benda til þess að vistvæn neysluhyggja geti haft áhrif á að minnsta kosti sum markmið sem við viljum ná í umhverfismálum (Pettit og Sheppard, 1992:329).

Vistvæna neysluhyggju má einnig finna í alþjóðasamningum og samkomulögum um markmið í loftslagsmálum. Meðal mest áberandi aðferða til þess að stuðla að vistvænni neysluhyggju eru umhverfismerkingakerfi fyrir vörur og þjónustu (e. eco-labelling schemes), opinberar herferðir fyrir vitundarvakningu, staðlar og vottanir fyrir

umhverfisvæn framleiðsluferli (einkum í gegnum vitsvæna tækni), vistvæn innkaup stjórnvalda og opinberra stofnana og endurvinnsluferli. Ekki er óalgengt að haldið sé á lofti að ef fleiri myndu tileinka sér þess konar neyslumynstur myndi það leiða til þess að framleiðendur færðust nær sjálfbærri framleiðslu, en hugmyndin er í anda forsendu kapitalismans; að eftirspurn ráði framboði (Akenji, 2014:13).

Yfirvöld víða um heim og alþjóðastofnanir hafa í auknum mæli lagt áherslu á það hversu mikilvægt skref vistvænir neysluhættir séu í átt að sjálfbæru samfélagi. Til þess að sýna fram á umhverfissjálfbærni í Evrópusambandinu var gefin út tilskipun (European Parliament, 2010) þar sem þess er krafist að heimilisraftæki á markaðinum, til að mynda ísskápar, frystiskápar, þvottavélar, þurrkarar, ofnar og loftræstingarbúnaður, beri merkingar þess að standast umhverfisstaðla og veiti upplýsingar um umhverfisþor vörunnar. Þessar merkingar eiga að veita neytendum betri yfirsýn yfir umhverfisáhrif þess sem þeir kaupa og um leið hvetja framleiðendur til þess að bæta skilyrði sín til þess að framleiðslan uppfylli staðlana (Akenji, 2014:13-14). Aðgerðaáætlun Evrópu-sambandsins í sjálfbærri þróun (SCP) endurspeglar sömu skilaboð um úrbætur fyrir neytendur til þess að geta valið umhverfisvænni vörur. Evrópusambandið gaf út planið „Sustainable Development in the European Union“ árið 2015. Það gengur út á að upptaka vistvænnar neyslu í Evrópu sé ein mikilvægasta áskorun komandi áratuga (European Union, 2015:73).

Athuga verður að greinarmunur er á hugmyndinni um sjálfbæra neyslu og vistvæna neysluhyggju. Áberandi er að einkenni vistvænnar neysluhyggju er að finna undir yfirskrift þess að þar sé um að ræða sjálfbæra neyslu. Að mati Lewis Akenji, eins höfunda handbókar Sameinuðu þjóðanna fyrir stefnumótunaraðila í átt að sjálfbærri neyslu, birtir skýrsla Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út eftir umhverfisráðstefnuna í Ríó 1992 góða mynd af kjarna sjálfbærrar neyslu. Þar er ákvæðunum beint að stjórnvöldum sem eiga að bera ábyrgð á framleiðsluáttum þannig að neyslan verði sjálfbær. Áhersla á vistvæna neysluhyggju byggist hins vegar á því að hvetja neytendur sjálfa til þess að bera ábyrgð á að neyta vistvænt og ákvæðin byggjast á því að auðvelda neytendum það. Akenji segir að þar liggi meginmunur sjálfbærrar neyslu og vistvænnar neysluhyggju. Vistvæn neysluhyggja er í raun drifin af framleiðsluáðilum og mörkuðum og setur ábyrgðina yfir á neytandann og markmiðið er að halda neyslunni alltaf gangandi (Akenji, 2014:14-15).

Þótt kapítalisminn byggji á þeirri grunnforsendu að neytendur hagi sér rökrétt til þess að hámarka notagildi þess sem neytt er, virðist vistvæn neysluhyggja víkka þessa forsendu að vissu leyti. Neytendur virðast vera færir um að átta sig á því að til framtíðar eru vistvænar vörur skynsamlegra val og breyta því neysluhegðun sinni af frjálsum vilja til þess að ná markmiðum í umhverfismálum. Það er út frá þessum rökum sem hugmyndin um vistvæna neysluhyggju sem lausn á loftslagsvanda af mannavöldum virðist trúverðug. Það er hins vegar ýmislegt sem dregur úr trúverðugleika vistvænnar neysluhyggju þegar nánar er að gáð. Sú hugmynd að einstaklingar muni af frjálsum vilja stuðla að sameiginlegum hagsmunum er ótrúverðug, eins og rætt verður í næsta kafla (Pettit og Sheppard, 1992:330).

3.3 Takmarkanir vistvænnar neysluhyggju

Eins og komið hefur fram hefur vistvæn neysluhyggja verið í hávegum höfð á undanförunum árum. Vinsældir hennar eru áberandi bæði meðal einstaklinga, hjá fyrirtækjum og framleiðsluaðilum og hjá stjórnvöldum og alþjóðastofnunum. Gagnrýnisráddir hafa þó látið á sér kræla og efasemdir heyrast um að lausnin við loftslagsvandann sé sú að neyta á ákveðinn hátt frekar en annan. Grunnhugmynd vistvænnar neysluhyggju byggir á því að neytendur stuðli sjálfviljugir að umhverfisvernd með því að taka skynsamar ákvarðanir fyrir umhverfið í innkaupum, notkun og förgun. Til dæmis er endurunninn pappír talinn umhverfisvænni heldur en pappír sem ekki er þegar endurunninn. En í því skyni að neyslan sé í raun og veru umhverfisvæn eða sjálfbær, þarf neytandinn að nota vöruna á umhverfisvænan máta og farga henni á sjálfbæran hátt, til dæmis með því að endurvinna pappír aftur (Pettit og Sheppard, 1992:330).

Breyting í vistvæna neysluhætti krefst kostnaðar fyrir neytandann eins og alltaf þegar brjóta á upp venjur, til dæmis í kvíða og tíma sem fer í að læra nýja háttsemi. Fórnir sem vistvænir neytendur þurfa að færa til að neyta á umhverfisvænan hátt eru samkvæmt Pettit og Sheppard í fjórum þáttum. Þeir þurfa að greiða meira fyrir vistvænan varning, kosta fyrirhöfn í hegðunarbreytingarnar, sætta sig við ófullkomnar staðgöngu-vörur fyrir þær sem eru óumhverfisvænar og draga úr neyslu á óumhverfisvænum vörum. Í fyrri tveimur fórnunum felst aukinn kostnaður fyrir neytandann en í seinni tveimur felst fórn á gæðum (Pettit og Sheppard, 1992:330-331).

Hvað varðar fyrstu fórnina þá geta vistvænar vörur verið dýrari vegna þess að framleiðendur geta krafist aukagjalds. Rök framleiðenda byggjast á því að neytendur eru

hreinlega tilbúnir að greiða hærra verð fyrir umhverfisvænar vörur. Önnur fórnin felst í aukaátaki við að endurvinna vörur. Endurvinnsla krefst þess að þvo verður flöskur og dósir, tína frá pappír, plast og ál og geyma á viðeigandi hátt þangað til þær eru teknar í endurvinnslustöðvar eða í þar til gerðar tunnur. Allar þessar aðgerðar í nafni vistvænnar neyslu eru aukinn kostnaður fyrir neytendur. Og ef neytandi er tilbúinn að færa þriðju og fjórðu fórnina, að draga úr neyslu óvistvænna vara og sætta sig við að vistvænar vörur séu ekki fullkomnir staðgenglar fyrir þær óvistvænni, er hann meðvitað að takmarka skammtímahagkvæmni vörunnar (Pettit og Sheppard, 1992:331).

Ávinningurinn af vistvænni neyslu er minna áberandi en kostnaðurinn. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að vistvæn neysla skili miklu til heildarbaráttunnar við loftslagsbreytingar er erfitt að vera sammála um hvar ávinningurinn liggur. Auk þess er raunin sú að athafnir einstaklinga, sem neytanda eða framleiðanda, skila sér í ytri áhrifum fyrir umhverfið (e. negative externalities) sem ekki koma fram í persónulegum kostnaði. Þar sem einstaklingar þurfa ekki að borga kostnaðinn persónulega leggst hann á heildarkostnað samfélagsins (Grand, Propper og Smith, 2008:140).

Að mati Richard Wilk eru margir bersýnilegir, alvarlegir gallar við hugmyndina um vistvæna neyslu og athyglina sem hún hefur fengið. Að einu leyti finnst honum þetta fin leið til þess að vekja fólk til umhugsunar um málefnið. Einhvers staðar verða breytingar að byrja og komist fólk á sporið með alvarleika loftslagsbreytinga getur þetta virkað sem vitundarvakning. Hins vegar, að mjög miklu leyti, telur hann vistvæna neysluhyggju veita ranga mynd af því hvert raunverulega vandamálið er og geta leitt neytandann að þeirri niðurstöðu að lausnin sé fölgín í því að neyta réttu hlutanna (Wilk, 2009:265).

Wilk telur hugmyndina um að auðlindir muni ganga til þurrðar ef ekki er neytt með vistvænum hætti, villandi framsetningu á vandanum. Umhverfisáhrif af mannavöldum séu miklu fjölbreyttari en svo. Hann bendir á að nóg virðist enn vera til af auðlindum sem ekki eru endurnýjanlegar, svo sem járn og kolum, en við erum óðum að eyðileggja endurnýjanlegar auðlindir, svo sem fiskinn í hafinu og tréskóga. Stærstu hættur af völdum mengunar, útrýming dýrategunda og loftslagsbreytingar, séu af völdum úrgangslausunar, lélegs regluverks og óbeislaðs útblásturs. Wilk segir að frekar en að leggja ábyrgðina á einstaklinga þurfi að viðurkenna vandamálið á kerfisbundnu stigi. Bæði vandamál og lausn liggi þar. Einstaklingar eru drifnir til ofneyslu í því umhverfi sem þeir búa við. Að auki sé einkaneysla bara brot af heildarneyslu ríkja og ákvarðanir

um mestu neysluna því ekki teknar á því stigi. Því sé líklegra til árangurs að herða reglur á fyrirtæki til þess að minnka neyslu. (Wilk, 2009:266)

Wilk segir mjög erfitt að greina rétta neyslu frá rangri og hugmyndir um það feli í sér menningarlega og félagslega mismunun. Af hverju þykir betra að eyða peningunum sínum í listasafn en í tívolí? Hver er mælikvarðinn á umhverfisáhrif lífræns, vistvæns og siðlegs varnings og hvenær fer málið að snúast um hvað þykir menningarlega finna en annað? Til þess að vistvæn neysla sé skilvirk þarf neytandinn að vera meðvitaður um umhverfisáhrif vöru frá framleiðslu til förgunar. Þegar varan er tiltölulega einföld í framleiðslu er ekki svo erfitt að rekja áhrifin á nákvæman hátt. Hins vegar í iðnvæddu, hnattvæddu nútímaumhverfi er framleiðsluferli þess sem neytt er svo flókið að nær ómögulegt er að segja til um umhverfisáhrif hverrar vörur (Pettit og Sheppard, 1992:342). Wilk telur að það hversu ómögulegt er að greina nákvæmlega umhverfisáhrifin gefi enn frekar til kynna að vistvæn neysluhyggja sé fyrst og fremst gædd menningarlegum gildum (Wilk, 2009:267).

Wilk telur að svo einföld skilaboð um að neyta rétt geti friðað samviskuna gagnvart áhrifum neysluhyggju á loftslagsbreytingar. Fólk getur þannig staðið í þeirri trú að það geti stöðvað loftslagsbreytingar með því að skipta út óþörfum hlut fyrir vistvænan óþarfan hlut. Til dæmis með því að kaupa lífrænt vottaðan andlitsmaska „fyrir umhverfið“ kemst fólk hjá því að velta fyrir sér hvort það þurfi andlitsmaska yfirhöfuð og þeirri staðreynd að það besta fyrir umhverfið væri að sleppa því alveg að kaupa maskann (Wilk, 2013). Tölur sýna vaxandi vinsældir orkusparandi heimilistækja, „fair trade“ súkkulaðis og lífrænna bómullarvara. Þótt þessar tölur lofi góðu frá sjónarhorni vistvænnar neysluhyggju gera gögn um þróun á félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni það ekki. Sjávarútvegur á erfiðara uppdráttar, frjósemi landsvæða minnkar, ójöfnuður fer vaxandi og fleiri sjúkdómar sem tengjast ósjálfbærum lífsháttum eru greindir (Akenji, 2014:14).

Í grein sinni frá árinu 2014 setur Akenji fram gagnrýni á svipuðum nótum og Wilk og heldur því fram að vistvæn neysluhyggja samrýmist ekki markmiðum um sjálfbæra neyslu. Líkt og Wilk telur Akenji áherslu vistvænnar neysluhyggju á einstaklinginn draga úr áherslu á lausnir á kerfisbundnu stigi. Hann heldur því fram að áhrif markaðarins, sem komi í veg fyrir þær stóru kerfislægu breytingar sem þurfi, blasi við. Stjórnvöld ættu frekar að einbeita sér að því að setja strangari löggjöf og auka eftirlit í stað þess að hvetja til vistvænnar framleiðslu og neyslu (Akenji, 2013:3-4). Óraunhæft sé að ætlast til þess að einstaklingar geti gert þær umfangsmiklu breytingar sem þörf er á.

Munu allir samþykkja að færa fórnir sem gætu komið í veg fyrir alvarlegar afleiðingar fyrir vistkerfið? Ljóst er að einstaklingar eru mistilbúnir og í misjafnlega góðri stöðu til þess að fórna persónulegum þægindum fyrir þau markmið.

3.3.1 Vandamál sameiginlegra aðgerða

Hvort sem um er að ræða sameiginlega sýn á loftslagsmál í lítilli byggð, ríki eða á alþjóðlegum vettvangi má gera ráð fyrir því að þau viðhorf hafi áhrif á getu einstaklinga til þess að ná markmiðum í sameiningu. Þegar litið er á neyslu einstaklinga er ljóst að áhrif hvers og eins er einungis dropi í hafið og framför af hálfu hvers og eins er samnýtt af öllum. Að þessu leyti er hægt að horfa á hagsmuni í umhverfismálum sem sameiginlegan ágóða samfélagsins og í þeim skilningi eru einstaklingar að stuðla að framförum til ósýnilegs ágóða. Það felast hins vegar ákveðin vandamál í því að viðhalda sameiginlegum ágóða (Pettit og Sheppard, 1992:332).

Vandamál sameiginlegra aðgerða (e. collective action problem) verður til þegar hópur einstaklinga þarf að vinna að sameiginlegu markmiði (e. collective action). Það að markmiðið sé sameiginlegt dregur úr hvata einstaklinga til þess að leggja sitt að mörkum og þar spilar helst þrennt inn í. Í fyrsta lagi, þó að hver einstaklingur í gefnum hópi kunni að deila sameiginlegum hagsmunum, eiga engir tveir allt sameiginlegt. Erfitt getur verið að ná samkomulagi um til dæmis aðferðir að settu markmiði. Í öðru lagi forðast einstaklingar að taka þátt í aðgerðum þar sem ágóðinn er sameiginlegur ef þeir þurfa að leggja til persónulegan kostnað (Olson, 1965:15-31). Í þriðja lagi eiga einstaklingar það til að reyna að komast hjá persónulegum kostnaði ef að þeir sjá fyrir sér að sameiginlega markmiðinu verði náð án þeirra (e. free-riders) (Olson, 1965:35-40). Hugmyndin um vandamál sameiginlegra aðgerða var sett fram af hagfræðingnum Mancur Olson í bókunum *The Logic of Collective Action* frá árinu 1965 og *The Rise and Decline of Nations* frá 1982.

Ímyndum okkur einstakling sem ætlar að breyta neysluhegðun sinni til þess að leggja sitt af mörkum í sameiginlegum aðgerðum heimsbyggðarinnar í átt að markmiðum í loftslagsmálum. Ef markmið um að halda hækkun á hitastigi innan við 2°C næst mun ágóðinn vera sameiginlegur vistkerfinu öllu. Til þess að minnka eigin losun á skaðlegum lofttegundum ákveður einstaklingurinn að skipta yfir í hjól í stað þess að ferðast um á bíl sem drifinn er af jarðolíu. Kostnaður einstaklingsins felst meðal annars í orku við hreyfinguna, í því að eignast hjól sem hentar aðstæðum, hann þarf að taka sér lengri tíma í að komast á milli staða, eignast klæðnað sem hentar hjólreiðum í hvaða veðurfari sem

er og útbúnað til þess að ferðast á milli á hjóli með nauðsynlegar neysluvörur heimilis. Framlag þessa neytanda er ekki stórkostlegt þegar á heildina er litið. Aðeins einum færri bíll af vegunum og neytandinn deilir ágóðanum með fólki sem ekki veitir sömu fórn.

Samkvæmt kenningu Olson um hegðun einstaklinga í aðgerðum að sameiginlegu markmiði standa allir í lokin með sama ágóðann, hvort sem þeir lögðu eitthvað af mörkum eða ekki. Í raun stendur einstaklingur alltaf betur að vígi ef hann leggur ekkert af mörkum hvort sem að markmiðinu er náð eða ekki. Ef markmiðinu er náð græðir hann á því að hafa ekki lagt til persónulegan kostnað. Ef markmiðinu er ekki náð tapar hann ekki á því að hafa lagt til kostnað í sameiginlegan ágóða sem aldrei náðist. Ef rök Olson halda skilar það sér í því að enginn gerir neitt í aðgerðum sem stuðla að sameiginlegum markmiðum (Olson, 1982:17-20).

Olson setti fram kenningu sína um vandamál sameiginlegra aðgerða til þess að útskýra tilkomu samtaka og stofnana sem settar eru á laggirnar til þess að ná saman endum í sameiginlegum aðgerðum. Kenningin nýtist einnig til þess að útskýra takmarkanir þess að leggja áherslu á framtak einstaklingsins þegar kemur að því að ná markmiðum í umhverfismálum. Vandamálið sem blasti við Olson, samkvæmt kenningu hans, var það hvort einstaklingar væru tilbúnir að standa undir kostnaði stofnunar sem vinnur að samfélagslegu markmiði. Hvað varðar vistvæna neyslu er um að ræða sama vandamál, en eins og fram hefur komið er ágóðinn af markmiðum hennar óljós og ef til vill einungis fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Einstaklingurinn sem veltir fyrir sér hvort að hann eigi að neyta vistvænt eða ekki stendur frammi fyrir þeirri spurningu hvort að hann eigi að fórna persónulegum kostnaði í lítið framlag til sameiginlegs markmiðs sem mögulega aldrei næst vegna þess að aðrir leggja ekkert af mörkum (Pettit og Sheppard, 1992:334).

Samkvæmt þeim hluta rökfærslu Olson sem rædd er að ofan myndu einstaklingar aldrei vinna saman að sameiginlegu markmiði. Þetta er augljóslega ekki tilfellið því á mörgum sviðum vinna einstaklingar að sameiginlegum markmiðum. Olson útskýrir sameiginlega hegðun með því sem hann kallar sértæka hvatningu (e. selective incentives). Hvatningin getur verið bæði neikvæð og jákvæð. Til dæmis notuðu verkalýðsfélög á fyrri tímum bæði neikvæðan og jákvæðan hvata. Þau undirstrikuðu kosti þess að taka þátt og hvöttu þannig fólk til þess að taka þátt, en hræddi það líka með sögum um ofbeldi sem fólk sem legði ekkert til yrði fyrir. Sértækur hvati fær einstaklinga, sem samkvæmt rökum Olson sjá ekki ástæðu til þess að færa persónulegan kostnað til málstaðarins, til að leggja sitt af mörkum (Olson, 1965:66-72).

Sértæk hvatning er ekki endilega á vegum stofnunar eða samtaka sem sjá um að ná sameiginlegu markmiði eins og verkalýðsfélög. Sértæk hvatning getur verið félagslegur hvati. Það er að segja, samfélagið getur hælt þeim sem leggja sitt af mörkum til markmiðs sem er samfélaginu til góða og litið hornauga á þá sem ekki gera slíkt. Slíkur hvati getur haft mikil áhrif á hversu margir vinna að tilteknum málstað og hefur mikið að segja í því hversu margir tileinka sér vistvæna neyslu. Neytandinn sem tileinkaði sér ferðamáta reiðhjóls í stað bíls getur hafa orðið fyrir hvata til þess að vernda umhverfið fyrir afkomendur sína en einnig til að fá félagslega og menningarlega viðurkenningu (Wilk, 2009:267) og eins konar sálfræðilegan létti, það er tilfinninguna að hafa látið gott af sér leiða (Pettit og Sheppard, 1992:335).

Það sem eitt sinn voru fríðindi og eru enn fyrir meginhluta fólks í heiminum er hins vegar orðið að sjálfsögðum hluta af lífi margra. Neysluhyggja er vandamál en er vistvæn neysluhyggja lausn á því? Takmarkanirnar eru fjölmargar og röksemdafærslan að baki vandamála sameiginlegra aðgerða og sértækrar hvatningar á vel við umræðuna um vistvæna neysluhyggju. Líta má á öll umhverfismál sem sameiginlega hagsmuni ákveðinna samfélaga og hópa ef ekki allra jarðarbúa. Fórnin sem neytendur færa til þess að leggja sitt af mörkum til þess að bjarga heiminum frá afleiðingum loftslagsbreytinga er mikil á persónulegu stigi en ef til vill bara pínulítill hluti af heildarmyndinni. Kenning Olson dregur úr trúverðugleika þess að áhersla á breytta neysluhegðun einstaklinga beri þann árangur sem þarf til þess að við náum markmiðum okkar í loftslagsmálum. Sitt sýnist þó hverjum hvort að útbreiðsla vistvænnar neyslu sé eins mikilvæg fyrir baráttu við loftslagsbreytingar og oft er haldið fram í almennri umræðu. Að margra mati ætti ábyrgðin ekki að vera á einstaklingunum heldur á reglunum og kerfinu sjálfu (Akenji, 2014; Wilk 2009, 2013). Þó virðist vera rík tilhneiging til að beina lausnunum inn á það svið eins og litið verður á í fjórða kafla.

4 Vistvæn neysluhyggja á alþjóðlegu og staðbundnu stjórnunarstigi

Í kaflanum verður litið á dæmi um það hvernig áhersla á vistvæna neyslu birtist sem lausn við loftslagsvandannum á alþjóðastigi og í aðgerðum íslenskra stjórnvalda. Í upphafi verður litið til þess hvernig vistvæn neysluhyggja endurspeglast í alþjóðlegum samningum. Teknar verða fyrir tvær aðgerðaáætlanir sem Ísland tekur mið af; aðgerðaáætlun ráðherra nefndar Norðurlandanna sem samþykkt var árið 2010 og tíu ára áætlun Sameinuðu þjóðanna með því markmiði að að dreifa vistvænum neysluháttum sem samþykkt var árið 2012. Í kjölfarið verða tekin dæmi frá Íslandi um verkefni sem nýlega hafa verið sett á laggirnar þar sem hvatt er til vistvænnar neyslu sem hluta af því að ná markmiðum Íslendinga í loftslagsmálum.

4.1 Alþjóðlegir samningar

Gagnrýni á ofneyslu og áherslu á sjálfbæra neyslu má sjá í alþjóðlegri umhverfisstefnu allt frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál árið 1972. Yfirvöld víða um heim og alþjóðastofnanir hafa í auknum mæli allar götur síðan lagt áherslu á það hversu mikilvægt skref vistvænir neysluhættir séu í átt að sjálfbæru samfélagi (Akenji, 2014:14). Þetta endurspeglast í verkum alþjóðlegra stofnana svo sem Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (sjá t.d. UNEP, 2005; UNEP, 2008; UNEP, 2009; UNEP/Consumers International, 2006; UNFI, 2007), Efnahags- og framfarastofnunarinnar (sjá t.d. OECD, 1997; OECD, 2002a; OECD, 2002b; OECD, 2008a; OECD, 2008c) og Evrópusambandsins eins og fram kom í kafla 3.2. Línunum sem alþjóðastofnanir leggja í umhverfismálum er fylgt eftir meðal ríkja og í milliríkjasamningum.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 2012 um sjálfbæra þróun, Ríó+20, settu fulltrúar ríkisstjórna heimsins af stað tíu ára áætlun með það að markmiði að dreifa vistvænum neyslu- og framleiðsluháttum (hér eftir 10YFP), en það er einnig hluti af þróunarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Áætlunin var sett af stað sem hluti af þeirri stefnu að grundvallarbreytingar á neyslu og framleiðslu séu nauðsynlegar til þess að tryggja sjálfbæra þróun á alþjóðlega vísu. 10YFP er alþjóðleg aðgerðaáætlun til að auka samstarf og flýta fyrir þróun í átt að sjálfbærri neyslu og framleiðslu, bæði í „þróuðum“ löndum og þróunarlöndum eins og fram kemur í skýrslunni, bæði á landsvísu og svæðisbundið. Að auki miðar hún að því að hvetja til nýsköpunar og samvinnu á breiðum vettvangi á meðal hagsmunaaðila til að ná meiri sameiginlegum árangri í átt að sjálfbærum neyslu- og framleiðsluháttum (UNEP, 2017:1).

Í áætluninni eru teknar fram fimm helstu aðferðirnar til að skila árangri, svæðisbundið og á landsvísu. (1) Upplýsingar til neytenda, (2) sjálfbær lífstíll og menntun, (3) sjálfbær opinber innkaup, (4) sjálfbær uppbygging og iðnaður og (5) sjálfbær ferðaþjónusta. Markmið fyrstu aðferðarinnar er að auðvelda neytendum að velja vistvænt á grundvelli upplýsinga frá framleiðsluaðilum sem bornar verða saman við aðgengilega, áreiðanlega og sannprófaða staðla. Önnur aðferðin byggir á því að styðja við aðgerðir og ákvarðanir einstaklinga sem draga úr notkun á náttúruauðlindum, losun, úrgangi og mengun en ýta samt undir réttmæta félagsefnahagslega þróun og betri lífsgæði fyrir alla. Þriðja, fjórða og fimmta aðferðin miða að sömu niðurstöðum en beinast að einkafyrirtækjum eða stjórnvöldum (UNEP, 2017:2). Hljómurinn í aðferðunum sem kynntar eru í 10YFP er kunnuglegur ef rifjuð eru upp helstu einkenni vistvænnar neysluhyggju að mati Akenji (sjá 3.2).

Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), OECD og alþjóðlegir umhverfissáttmálar gegna lykilhlutverki í því norræna samstarfi er snýr að alþjóðlegum verkefnum (Norræna ráðherranefndin, 2012:7). Vistvænir neysluhættir eru eitt af meginmarkmiðum framkvæmdaáætlunar norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál 2013-2018. Norræna ráðherranefndin er samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Nefndin vinnur að sameiginlegum, norrænum lausnum sem ná til Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Formlegt samstarf norrænu ríkjanna er eitt víðtækasta svæðasamstarf í heiminum (Nordic Council of Ministers, 2012:1).

Samkvæmt skýrslu ráðherranefndarinnar hafa Norðurlöndin náð verulegum árangri í samstarfi um umhverfismál á síðustu 40 árum. Því er haldið fram að tekist hafi að samtvinna hagvöxt og þróun velferðar saman við árangursríka umhverfisstefnu og stuðla þannig að bættu umhverfi á Norðurlöndum. Sjálfbær neysla og framleiðsla, umhverfisvæn tækni og grænn hagvöxtur í samstarfi við önnur svið, þar á meðal atvinnulíf og alþjóðastofnanir, eru viðfangsefni í norrænu samstarfi á komandi árum. Rík áhersla er lögð á að fylgja eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, Ríó+20 (Nordic Council of Ministers, 2012:6).

Í inngangi að framkvæmdaáætluninni kemur fram að forgangsmál sé að efla þekkingu á mikilvægri bættri auðlindanýtingu og sjálfbærri, vistvænni neyslu og framleiðslu. Veigamikill þáttur í norrænu samstarfi um umhverfismál verður að fylgja eftir skýrslu norrænu forsætisráðherranna „Norðurlönd – leiðandi í grænum hagvexti“. Umhverfissviðið ber meginábyrgð á úrgangsmálum en leggur einnig áherslu á græn

innkaup og heldur áfram að þróa umhverfismerkið Svaninn og slík stjórnþæki í samstarfi við önnur svið (Solhjell, 2012:4-5).

Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar virðist vera svokölluð græn samfélagsþróun. Samfélagsþróun mótast af virkni og samræmdri stefnu í umhverfismálum, fjármálum, atvinnumálum, vísindum og nýsköpun. Norðurlöndin vilja leggja ríka áherslu á að gera leiðina greiða fyrir grænt hagkerfi og grænan hagvöxt. Í skýrslunni kemur fram að sátt þurfi að nást milli umhverfisverndar og hagvaxtar en það verður gert með aðlögun að grænu hagkerfi og grænum hagvexti. Þá er mælt fyrir um að finna skuli leiðir til að mæla þróun velferðar þannig að stuðlað verði að sjálfbærri þróun. Sýn á velferð þurfi að hafa víðtækara samhengi og þörf sé á að meta og verðleggja höfuðstól náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Efla þurfi græn stjórnþæki í þá veru að verðlagningarkerfi taki í auknum mæli tillit til kostnaðar vegna álags á umhverfið (Nordic Council of Ministers, 2012:9).

Lykilatriði í framkvæmdaáætluninni til að ná markmiðunum og grænni samfélagsþróun eru meðal annars hagræn stjórnþæki svo sem gjöld, kvótakerfi og afnám niðurgreiðslna, en einnig umhverfismerkingar og umhverfisupplýsingar svo sem Svanurinn, og frjálssir samningar, meðal annars um forvarnir og kröfur um endurnýtingu (Nordic Council of Ministers, 2012:10). Markmiðin gefa til kynna markaðslausnir sem leggja ábyrgðina á stjórnvöld, en mörg merki vistvænnar neysluhyggju er að greina á markmiðunum, til dæmis hvernig stjórnin er sett í hendur framleiðenda og ábyrgðin lögð á einstaklinginn.

Markmið ráðherranefndarinnar er að löndin geti tekið sig saman um að skapa umhverfisvæna neyslu og framleiðsluhætti sem taka mið af umhverfi og andrúmslofti. Þetta markmið er það fyrsta sem kynnt er í skýrslunni. Þar kemur fram að hægt sé að hafa áhrif á sjálfbæran lífsstíl með verðlagningu, stöðlum, fræðslu, umhverfismerkingum og umhverfisupplýsingum um vöru og þjónustu. Norrænt og annað alþjóðlegt samstarf um loftslag- og umhverfisvænt kerfi fyrir opinber innkaup hefur reynst árangursríkt (Nordic Council of Ministers, 2012:11).

Fram kemur að mikilvægt sé að skapa markaðsskilyrði sem örva umhverfisvæna nýsköpun og vishönnun. Þannig megi hvetja fyrirtæki og neytendur til að haga fjárfestingum og innkaupum þannig að draga megi úr umhverfisvanda til frambúðar. Að auki er talað um mikilvægi umhverfisfræðslu til að auka vistvæna neyslu í neyslusamfélagi. Einmitt þess vegna hafi Norðurlönd valið að vinna saman að umhverfismerkinu Svaninum. Svanurinn gerir neytendum kleift að velja bestu fánlegu

vörur með tilliti til umhverfis og hvetur til umhverfsvænnar vöruþróunar. Löndin vinna einnig saman að gerð viðmiða sem eiga að hvetja til sjálfbærrar neyslu og lífsstíls. Vinna þarf enn frekar með viðmið fyrir vörur og vörflokka sem hafa áhrif á umhverfi og andrúmsloft og á öðrum sviðum þar sem umhverfismerkingar koma að gagni. Norðurlöndin leggja ríka áherslu á vistvæn opinber innkaup með það fyrir augum að efla sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Í skýrslunni er einkageirinn hvattur til þess að taka á sig ábyrgð varðandi græn innkaup og sú hugmynd viðruð að fyrirtæki verði krafín um að gera grein fyrir frammistöðu sinni í þeim efnum (Nordic Council of Ministers, 2012:11).

Einkenni vistvænnar neysluhyggju endurspeglast einnig einstaklega vel í verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar sem sett var á laggirnar árið 2015, „Norðurlönd – vel klædd í hreinu umhverfi: Framkvæmdaáætlun um sjálfbæra tísku og vefnaðarvöru“. Verkefnið undirstrikar mikilvægi sjálfbærrar þróunar í tísku og vefnaðarvöru á Norðurlöndunum. Markmiðið er að þróa rammaáætlun til ársins 2020, gera skilyrði fyrir sjálfbæra hönnun, framleiðslu og neyslu og draga úr umhverfisáhrifum neyslu Norðurlanda á tísku og vefnaðarvöru (Nordic Council of Ministers, 2015:7).

4.2 Einstaklings- og neyslumiðuð stefna á Íslandi

Markmið aðgerðaáætlana á alþjóðlegu stigi eru eðli máls samkvæmt að þau skili sér í stefnumótun einstakra ríkja. Samkvæmt Akenji eru meðal mest áberandi einkenna lausnir sem byggja á vistvænni neysluhyggju, umhverfismerkingakerfi fyrir vörur og þjónustu, opinberar herferðir fyrir vitundarvakningu, staðlar og vottanir fyrir umhverfsvæn framleiðsluferli, vistvæn innkaup stjórnvalda og opinberra stofnana og endurvinnsluferli (sjá kafla 3.2). Í fimm helstu aðferðum 10YFP til að þess að stuðla að sjálfbærri neyslu koma þessi einkenni skýrt fram. Í aðgerðaáætlun ráðherranefndar Norðurlandanna er sótt til 10YFP en þar er hægt að sjá mikla áherslu lagða á umhverfismerkingakerfi og upplýsingar til neytenda.

Á Íslandi er víða hægt að sjá merki þess að áhersla sé lögð á neyslumiðaðar lausnir að fordæmi aðgerðaáætlana eins og ráðherranefndar Norðurlandanna og 10YFP. Hugmyndin um vistvæna lífshætti einstaklinga er áberandi í umræðunni hér eins og víðar. Til dæmis sagði Þórunn Egilsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks sem þá sat í forystu ríkistjórnar í ræðustól Alþingis í kjölfar kynningar á sóknaráætlun í loftslagsmálum til þriggja ára árið 2015 að verkefnin sextán sem þar voru kynnt væru fjölbreytt en ættu það sameiginlegt að virkja betur einstaklinga og fyrirtæki til að efla baráttu gegn loftslagsbreytingum (Þórunn Egilsdóttir, 2015). Heildarstefna íslenskra

stjórnvalda í loftslagsmálum verður ekki tekin fyrir hér heldur verður litið á tvö íslensk dæmi um áherslu á vistvæna neysluhyggju í loftslagsmálum, bæði á landsvísu og á sveitarstjórnarstigi. Þau bera hvort sitt einkenni sem heimfæra má upp á kenningar Akenji, vistvæn innkaup stjórnvalda og opinber átök fyrir vitundarvakningu.

Innleiðing á vistvænni innkaupastefnu íslenska ríkisins hófst í október 2010. Meginþættir verkefnisins eru að þróa vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur, upplýsa og aðstoða. Með stefnu um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur er markmiðið að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa og aðstoða opinberar stofnanir við að gera rekstur sinn umhverfisvænni. Vistvænn ríkisrekstur er sá rekstur sem hefur minni neikvæð áhrif á umhverfið en annar sambærilegur rekstur. Markmið stefnunnar eru að góð samskipti við aðila markaðarins og gagnsæ vinnubrögð stuðli að virkri samkeppni, auknu vöruúrvali og nýsköpun til að mæta auknum væntingum og kröfum um umhverfissjónarmið og að ríkisstofnanir gefi skýr skilaboð til neytenda og framleiðenda um að taka tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar við innkaup (Vistvæn innkaup, 2013:5-10).

Ríkið setur skýrar kröfur um vistvænar áherslur við innkaup og hefur þannig mikilvæg áhrif á nýsköpun og þróun í átt að grænu hagkerfi. Árið 2013 var samþykkt endurskoðuð og útvíkkuð stefna. Í tillögum Alþingis um eflingu Græna hagkerfisins í anda samþykktar ráðherranefndar Norðurlandaráðs er lögð áhersla á að ríkið verði fyrirmynd og skapi aðstæður fyrir grænt hagkerfi, meðal annars í gegnum vistvæn innkaup. Stefna um vistvæn innkaup byggir jafnframt á markmiðum sjálfbærrar þróunar. Stefnan frá 2013 tekur við af fyrri stefnu um vistvæn innkaup frá árinu 2009 og eldri umhverfisstefnu í ríkisrekstri frá árinu 1998. Fram kemur í skýrslu um verkefnið að svo virðist sem að áhersla ríkis og sveitarfélaga á vistvæn innkaup hafi haft veruleg áhrif á markaðinn og nefnd eru dæmi um fjölgun Svansvottaðra fyrirtækja úr 4 í 25 frá samþykkt fyrri stefnu (Vistvæn innkaup, 2013:2).

Í stefnunni er lögð áhersla á fræðslu í samstarfi við hagsmunaaðila, til að tryggja sem bestan árangur við að draga úr umhverfisáhrifum um leið og stuðlað er að aukinni samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem bjóða vistvænni kosti. Opinber innkaup geta haft veruleg áhrif á atvinnuþróun og nýsköpun (e. public procurement innovation). Opinberir aðilar setja fram kröfur með góðum fyrirvara og fyrirtæki bregðast við með því að þróa lausnir í formi vöru eða þjónustu. Norðurlöndin og Evrópulönd leggja mikla áherslu á þróun græns hagkerfis og þar eru vistvæn innkaup í lykilhlutverki. Stefna

ríkisins er byggð á straumum frá Evrópusambandinu og Norðurlandaráði (Vistvæn innkaup, 2013:3-5).

Í júní 2016 var stefna Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum endurskoðuð og sett fram aðgerðaáætlun til að ná fram kolefnishlutleysi Reykjavíkurborgar árið 2040, en áætlunin nær til ársins 2020. Í umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar sem kom út árið 2016 samhliða Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 voru sett fram markmið um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 73% fyrir árið 2050 og er því um háleit markmið að ræða. Aðgerðirnar skiptast í þrennt, samfélagslegar aðgerðir, aðgerðir til aðlögunar að loftslagsbreytingum og loks aðgerðir í rekstri Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, 2016:3).

Samfélagslegar aðgerðir byggja á fjórum hlutum, bættum samgöngum og orkunotkun, bættri landnotkun, vitundarvakningu og úrgangsmálum. Átak Reykjavíkurborgar í vitundarvakningu felst í nokkrum smáum verkefnum. Lykiláhersla verður lögð á áframhaldandi samstarf borgarinnar, atvinnulífs og fyrirtækja um að minnka útblástur og draga úr myndun úrgangs. Áhersla er lögð á verkefni til að draga úr matarsóun, til dæmis með því að halda Nýtnivíku (Reykjavíkurborg, 2016:4). Nýtnivíkan er samevrópsk og er ætlað að vekja fólk til vitundar um nauðsyn þess að draga úr magni úrgangs. Hún er haldin árlega með ýmsum atburðum sem stuðla að vitundarvakningu um sjálfbæra auðlinda- og úrgangsstjórnun (Reykjavíkurborg, Nýtnivíkan 2016). Opnað verður vefsvæði til að efla almenna þekkingu á því hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og gera heimili kolefnishlutlaus. Í úrgangsmálum er einnig lögð áhersla á að íbúar fái fræðslu og hvatningu til að standa að losun úrgangs á umhverfisvænan hátt (Reykjavíkurborg, 2016:4).

Áhersla á vistvæna neyslu virðist birtast í aðgerðaáætlunum og verkefnum á alþjóðastigi, landsvísu og svæðisbundið eins og þessi kafli gefur til kynna. Ákvæðin sem hægt er að segja að beri einkenni vistvænnar neysluhyggju eru yfirleitt undir yfirskrift þróunar í átt til sjálfbærrar neyslu, en þá er gagnlegt að hafa aðgreiningu sjálfbærrar neyslu og vistvænnar neyslu í huga þegar um er að ræða stefnumótun og ákvarðanir á öllum stjórnunarstigum. Dæmi sem þessi eru ótal mörg, en vistvæna neysluhyggju er ekki síst að finna í umræðu og orðræðu í samfélaginu og í stjórn málum um hvað sé mikilvægast að ráðast í til þess að ná markmiðum í loftslagsmálum og hvar ábyrgðin liggur.

5 Umræður og lokaorð

Markmið þessarar ritgerðar var að varpa ljósi á það hvernig lögð er áhersla á einstaklingsframtakið og vistvæna neyslu bæði á alþjóðastigi og landsvísu og að færa rök fyrir því að takmarkanir vistvænnar neysluhyggju sem lausnar við loftslagsvandann séu miklar. Hugmyndin um hinn kapítalíska leik var kynnt og nýtt til þess að setja mismunandi nálganir í stefnumótun í samhengi við kapítalískt umhverfi ríkja. Vistvæn neysluhyggja var skoðuð og skilgreind og dregnar fram takmarkanir hennar sem lausnar á loftslagsvandann. Að lokum voru tekin dæmi um það hvernig áhersla á einstaklingsframtak í gegnum vistvæna neyslu birtist á alþjóðastigi, landsvísu og svæðisbundið.

Gagnrýni á kapítalismann er margvísleg og hefur verið sett fram ítrekað öldum saman. Wright tekur gagnrýnina saman í ellefu þætti, tilhneigingu til neysluhyggju og eyðileggingu náttúrunnar þar á meðal, en eflaust er hægt að draga fram fleiri sjónarmið. Flest ríki hafa lengi spilað eftir reglum kapítalismans og því ekki að furða þó að hægt sé að rekja margt sem miður hefur farið til hans. Alford og Friedland benda á mikilvægi þess að skoða stefnumótun í samhengi við pólitísk átök innan kapítalískra ríkja. Þeir nýttu mismunandi sjónarmið í fræðunum og settu saman kenningu sem er gagnleg til þess að greina á hvaða stigi ákvarðanir eru teknar og hvaða hagsmunir eru í húfi. Í 2. kafla voru þrjár ólíkar leiðir til nálgunar kynntar til þess að setja stefnumótun í loftslagsmálum í samhengi við greiningarramma Alford og Friedland og vistvæn neysluhyggja staðsett innan hans.

Áhersla á einstaklingsframtakið og vistvæna neyslu er á aðstæðubundnu stigi. Nálgunin felst ekki í breytingum á neinum reglum og er því ekki á stofnanabundnu stigi. Hún felst svo sannarlega ekki í því að hverfa frá kapítalísku kerfi og er því ekki á kerfisbundnu stigi. Á aðstæðubundnu stigi er lögð áhersla á breytingar á vettvangi einstaklinga en vistvæn neysluhyggja felst einmitt í því að ábyrgðin er lögð á neytendur að taka réttar ákvarðanir við neyslu. Hún felur ekki í sér breytingar á stofnunum, reglum eða kerfum heldur aðeins breytingar sem hugnast ákveðnum hagsmunahópum. Hún felur í sér að hægt sé að nýta sér þær aðstæður sem markaðurinn hefur skapað til þess að takmarka umhverfisspor, bæta sjálfbærni og minnka losun. Tillögur um lausnir á stofnanabundnu stigi eru áberandi meðal þeirra sem gagnrýna lausnir á aðstæðubundnu stigi, líkt og Andrew, Andrew og Kaidonis, Wilk og Akenji. Þá mælir IPCC einnig með breytingum á stofnanabundnu stigi og mælir gegn því að lausnir séu einungis á aðstæðubundnu stigi.

Takmörkunum vistvænnar neysluhyggju, sem ritgerðin leiddi í ljós, má skipta gróflega í þrjá flokka. Í fyrsta lagi bendir margt til þess að einstaklingsframtakið sé í sjálfu sér takmörkunum háð. Árangur í loftslagsmálum er markmið með sameiginlegum ágóða fyrir vistkerfið allt og þannig eru einstaklingar að stuðla að framförum til ósýnilegs ágóða. Kenning Olson um vandamál sameiginlegra aðgerða gefur til kynna að einstaklingur standi alltaf betur af vígi ef hann leggur ekkert að mörkum. Sérþækir hvatar geta orðið til þess að fólk leggi sitt að mörkum, en fórnin sem neytendur færa er mikil á persónulegu stigi en aðeins örlítið framlag til heildarmarkmiðsins. Þar að auki eru einstaklingar drifnir til neyslu í því umhverfi sem þeir búa við og því hafa kerfisbundnar aðstæður mikið að segja um getu einstaklinga til þess að leggja sitt af mörkum í baráttu við loftslagsbreytingar.

Í öðru lagi þurfa einstaklingar að fórna ýmsum venjum til þess að neysla sé í raun og veru sjálfbær. Þeir þurfa að leggja til persónulegan kostnað og fórna fríðindum. Í iðnvæddu, hnattvæddu umhverfi er gríðarlega erfitt er að vita í raun hvort að hvert skref sé sjálfbært, framleiðslan, neyslan sjálf og förgunin. Fórnin sem fólk þarf að færa til þess að gera hvert skref sjálfbært getur verið talsverð og ávinningurinn af vistvænni neyslu er minna áberandi en kostnaðurinn. Í þriðja lagi getur hugmyndin verið villandi framsetning á vandanum. Fólk getur staðið í þeirri trú að það geti haft áhrif á loftslagsbreytingar með rétttri neyslu, en þarf ekki að hugsa um hvort að framlag þess gæti verið mest með engri neyslu eða hvort að það þurfi að leggja sitt af mörkum til lausna á kerfisbundnu stigi og stofnanabundnu stigi.

Í ljós kom að mest áberandi aðferðir til þess að stuðla að vistvænni neysluhyggju samkvæmt Akenji er að finna í aðgerðaáætlunum á alþjóðlegu stjórnunarstigi. Sama á við um aðgerðir íslenskra stjórnvalda. Í raun voru tekin fyrir fjögur stig; alþjóðasamstarf ríkja heims á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, svæðissamstarf Norðurlandanna, aðgerðir íslenska ríkisins og aðgerðir á sveitarstjórnarstigi. Áætlun á vegum Sameinuðu þjóðanna reyndist bera skýr einkenni vistvænnar neysluhyggju og endurómuðu þær áherslur á öllum lægri stigum sem einnig byggðu á áætluninni 10YFP. Þar er talað um að upplýsa og styðja, sýna fordæmi og deila boðskap. Einnig er mjög áberandi að þó að aðgerðirnar séu undir yfirskyni sjálfbærni bera þær glögg merki vistvænnar neysluhyggju þar sem ábyrgðin er lögð á neytendur og í hendur markaðarins.

Margt bendir til þess að neysluhyggja sé vandamál. Höfundur leyfir sér að gera ráð fyrir því að fyrir mörgum sem átta sig á því að neysluhyggja hefur slæm áhrif á umhverfið sé val á vistvænum vörum tilraun til þess að leggja sitt að mörkum til þess að

draga úr áhrifunum. Niðurstöður ritgerðarinnar gefa í skyn að lausnirnar felist ekki í vistvænni neyslu. En hvað eiga einstaklingar að gera vilji þeir gera allt sem geta til þess að draga úr sínum eigin loftslagsáhrifum? Þeir geta ef til vill lifað eins einföldu lífi og þeim er unnt, neytt bara þess sem þeir nauðsynlega þurfa og forðast allt í umhverfinu, samfélaginu og kerfinu sem leiðir til slæmra áhrifa fyrir loftslagið. En í nútímasamfélagi er erfitt að ferðast bara á milli landshluta á hesti, rækta eigin mat og framleiða efni í eigin fót. Því er lítil neysla og vandað val mögulega það helsta sem óbreyttur borgari getur lagt til sem mótstöðu við neikvæð áhrif neysluhyggjunnar. Markmið ritgerðarinnar var að varpa ljósi á takmarkanir einstaklingsframtaksins og vistvænnar neyslu sem aðferðar í stefnumótun í loftslagsmálum en ekki að gefa í skyn að einstaklingar geti ekkert aðhafst. Það getur talist sem kostur við að leggja áherslu á einstaklingsframtak og vistvæna neyslu að það bætir mögulega umhverfisspor hvers og eins, getur opnað augu hans fyrir alvarleika loftslagsbreytinga og vakið áhuga á áhrifaríkari leiðum til að ná árangri.

Höfundur vill benda á að markmið þessarar ritgerðar er ekki að bjóða uppá hina fullkomnu lausn fyrir ríki til þess að standa við skuldbindingar sínar, enda eflaust ógerlegt að leysa það verkefni í nokkur þúsund orðum. Vegna mikilvægis málefnisins hafa verið gerðar ógrynni tilrauna til að leggja til mögulegar lausnir. Tækifærin eru til staðar til þess að ná miklum árangri á stuttum tíma ef valdir eru réttu kostirnir, líkt og kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ frá febrúar 2017 um Ísland og loftslagsmál. Einnig er vert að taka fram að ekki er verið að meta markaðslausnir og framtak í einkageiranum þó að fjallað sé um tengsl kapítalisma og loftslagsbreytinga í samhengi við einstaklingsframtakið. Markmið þessarar ritgerðar er að benda á að tækifærin liggja ekki endilega í einstaklingsframtakinu með vistvænni neyslu og samkvæmt því sem hér kemur fram væri vissara að taka ákvarðanir á öðru stigi en á aðstæðubundnu stigi.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru eitt alvarlegasta vandamál samtímans. Þrátt fyrir að aukinn áhugi virðist vera á því að grípa í taumana í loftslagsmálum hefur Íslandi mistekist að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Að óbreyttu mun losun gróðurhúsalofttegunda aukast um allt að 99% til ársins 2030. Það er því full ástæða til að skoða vel strauma og stefnur í stefnumótun í loftslagsmálum í ljósi þeirra skilyrða sem ríki nútímans búa við. Vistvæn neysluhyggja nýtur síaukinna vinsælda sem leið einstaklinga til þess að leggja sitt af mörkum í baráttu við loftslagsbreytingar, en margt bendir til þess að hún sé takmörkunum háð sem lausn í stefnumótun í loftslagsmálum.

Heimildaskrá

- Akenji, Lewis. 2014. „Consumer Scapegoatism and Limits to Green Consumerism.“ *Journal of Cleaner Production* 63:13-23. doi: 10.1016/j.jclepro.2013.05.02
- Alford, R.R. og R. Friedland. 1985. *Powers of Theory: Capitalism, the State and Democracy*. New York: Cambridge University Press.
- Andrew, J., B. Andrew, og M. Kaidonis. 2010. „Carbon Tax: Challenging Neoliberal Solutions to Climate Change.“ *Critical Perspective on Accounting* 21 (7): 611-618. doi:<http://doi.org/10.1016/j.cpa.2010.03.009>
- Dobson, Andrew. 2007. *Green Political Thought*. 4. útg. London: Routledge. Kindle edition.
- European Parliament. 2010. „Directive 2010/30/EU of the European Parliament and of the Council of 19 May 2010 on the indication by labelling and standard product information of the consumption of energy and other resources by energy-related products.“ *Official Journal of the European Union*. Sótt 20. mars 2017, <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32010L0030&from=en>
- European Union. 2015. *Sustainable Development in the European Union*. Ritstj. B. Kurkowiak. Luxembourg: Publications Office of the European Union.
- Foster, John Bellamy. 2015. „The Great Capitalist Climacteric: Marxism and “System Change Not Climate Change.“ *Monthly Review* 67 (6): 1-18. doi:10.14452
- Gahrton, Per. 2015. *Green Parties, Green Future: From Local Groups to the International Stage*. London: Pluto Press. Kindle edition.
- Garðarsdóttir, Ragna B. og Giada Pezzini. 2012. „Ethical Consumption in Iceland – Results from an exploratory study in consumer awareness.“ Í *Þjóðarspejillinn 2012*. Ritstjórar Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir, 1-12. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Grand, J., C. Propper, og S. Smith. 2008. *The Economics of Social Problems*. 4. útg. United Kingdom: Palgrave Macmillan.
- Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. *Skýrsla nr. C17:01 Ísland og loftslagsmál febrúar 2017*. Reykjavík: Hagfræðistofnun. 2017.
- Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson. 2008. *Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Halldór Björnsson. e.d. „Vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC).“ *Veðurstofa Íslands*. Sótt 16. febrúar 2017, <http://www.vedur.is/loftslag/rannsoknir/ipcc/>

- IPCC. 2014. *Climate Change 2014, Synthesis Report, Summary for Policymakers*. Sótt 16. febrúar 2017, https://www.ipcc.ch/pdf/assessment-report/ar5/syr/AR5_SYR_FINAL_SPM.pdf
- Khan, Matthew E. 2010. *Climatopolis: How Our Cities Will Thrive in the Hotter Future*. New York: Basic Books.
- Lindzen, Richard S. 2011. „A Case Against Precipitous Climate Action.“ *Energy & Environment* 22 (6): 747-751. doi:<http://dx.doi.org/10.1260/0958-305X.22.6.747>
- Newholm, T. og D. Shaw. 2007. „Studying the ethical consumer: A review of reasearch.“ *Journal of Consumer Behaviour* 6 (5): 253-270. doi:10.1002/cb.225
- Nordic Council of Ministers. 2012. *Nordic Environmental Action Plan 2013-2018*. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers.
- Nordic Council of Ministers. 2015. *Well dressed in clean environment: Nordic action plan for sustainable fashion and textiles*. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers.
- OECD. 1997. *Eco-labelling: Actual Effects of Selected Programme*. París: Organization for Economic Co-operation and Development. Sótt 29. mars 2017, [http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?cote=OCDE/GD\(97\)105&docLanguage=En](http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?cote=OCDE/GD(97)105&docLanguage=En)
- OECD. 2002a. *Working Party on National Environmental Policy, Policy Case Studies Series, Policies to Promote Sustainable Consumption: An Overview*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development. Sótt 29. mars 2017, [http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?doclanguage=en&cote=env/epoc/wpnep\(2001\)18/final](http://www.oecd.org/officialdocuments/publicdisplaydocumentpdf/?doclanguage=en&cote=env/epoc/wpnep(2001)18/final)
- OECD. 2002b. *Towards Sustainable Household Consumption? Trends and Policies in OECD Countries*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development. Sótt 29. mars 2017, <https://www.oecd.org/env/consumption-innovation/1938984.pdf>
- OECD. 2008a. *Environmental Policy and Household Behaviour: Evidence in the Areas of Energy, Food, Transport, Waste and Water*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development. Sótt 29. apríl 2017, <https://www.oecd.org/environment/consumption-innovation/42183878.pdf>
- OECD. 2008b. *OECD Environmental Outlook to 2030*. París: Organisation for Economic Co-operation and Development. Sótt 29. mars 2017, <http://www.oecd.org/env/indicators-modelling-outlooks/40200582.pdf>
- OECD. 2008c. *Promoting Sustainable Consumption: Good Practices in OECD Countries*. París: Organisation for Economic Cooperation and Development. Sótt 29. mars 2017, <https://www.oecd.org/greengrowth/40317373.pdf>

- Olson, Mancur. 1965. *The Logic of Collective Action*. Cambridge: Harvard University Press.
- Olson, Mancur. 1982. *The Rise and Decline of Nations: Economic Growth, Stagflation, and Social Rigidities*. Bandaríkin: Yale University Press.
- Park, Jonathan T. 2015. „Climate Change and Capitalism.“ *Consilience: The Journal of Sustainable Development* 14 (2): 189-206.
doi:<http://dx.doi.org/10.7916/D86H4H4K>
- Petit, J. R., J. Jouzel, D. Raynaud, N. I. Barkov, J. M. Barnola, I. Basile, J. Chappellaz, M. Davis, G. Delaygue, M. Delmotte, V.M. Kotlaykov, M. Legrand, V.Y. Lipenkov, C. Lorius, L. Pépin, C. Ritz, E. Saltzman og Stievenard. 1999. „Climate and atmospheric history of the past 420,000 years from the Vostok ice core, Antarctica.“ *Nature* 399 (6735): 429-436. doi:<http://dx.doi.org/10.1038/20859>
- Pettitt, D. og J.P. Sheppard. 1992. „It’s Not Easy Being Green: The Limits of Green Consumerism in Light of the Logic of Collective Action.“ *Queens Quarterly* 99 (3): 328-350. Sótt 20 mars 2017, <http://www.sfu.ca/~sheppard/papers/JPS92a.pdf>
- Reykjavíkurborg. e.d. „Nýtnivikan 2016.“ Sótt 6. apríl 2017, <http://reykjavik.is/thjonusta/nytnivikan-2016>
- Reykjavíkurborg. 2016. *Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar - Markmið um kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum ásamt aðgerðaáætlun til ársins 2020*. Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Shah, Priya. 2013. „Green Consumerism.“ *Asia Pacific Journal of Management & Entrepreneurship Research* 2 (1): 51-55. Sótt 11. mars 2017, <https://www.questia.com/library/journal/1P3-2932337971/green-consumerism>
- Solhjell, B.V. 2015. Formáli. Í *Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013-2018*. Höfundur Norræna ráðherranefndin, 4-5. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Stefán Ólafsson. 1996. *Hugarfar og Hagvöxtur*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- UNEP. 2005. *Communicating Sustainability: How to Produce Effective Public Campaigns*. París: United Nations Environment Program. Sótt 29. mars 2017, <http://www.unep.fr/shared/publications/pdf/DTIx0679xPA-CommunicatingEN.pdf>
- UNEP og Consumers International. 2006. *Tracking progress: implementing sustainable consumption policies, a global review of implementation of the UN guidelines for consumer protection*. París: United Nations Environment Program/Consumers International. Sótt 29. mars 2017, <http://www.consumersinternational.org/media/316565/tracking%20progress-%20implementing%20sustainable%20consumption%20policies.pdf>

- UNEP. 2008. *Planning for Change: Guidelines for National Programmes on Sustainable Consumption and Production*. París: United Nations Environment Program. Sótt 29. mars 2017, http://hqweb.unep.org/pdf/UNEP_Planning_for_change_2008.pdf
- UNEP. 2009. *Planning for Change: Mainstreaming Sustainable Consumption and Production and Resource Efficiency into Development*. París: United Nations Environment Program. Sótt 29. mars 2017, <http://www.unep.fr/shared/publications/pdf/DTIx1235xPA-MainstreamingSCPintoDevPlanning.pdf>
- UNEP. 2017. *The 10-Year Framework of Programmes on Sustainable Consumption and Production. Global Action for Sustainable Consumption and Production*. Sótt 29. mars 2017, http://www.scpclearinghouse.org/sites/default/files/10yfp_general_brochure_february_2017-.pdf
- UNFI. 2007. *Responsible Investment in Focus: How Leading Public Pension Funds are Meeting the Challenge*. París: UNEP Finance Initiative. Sótt 29. mars 2017, https://www.gpf.or.th/download/general/responsible_in_focus.pdf
- Vistvæn innkaup. 2013. *Vistvæn innkaup og grænn ríkisrekstur: Stefna ríkisins 2013-2016*. Reykjavík: Ríkisstjórn Íslands. Sótt 6. apríl 2017 http://www.vinn.is/pdf/Vistvaen_innkaup_og_graenn_rikisrekstur.pdf
- Wallerstein, Immanuel. 1974. „The Rise and Future Demise of the World Capitalist System: Concepts for Comparative Analysis.“ *Comparative Studies in Society and History* 16 (4): 387-415. Sótt 21. mars 2017, <http://bev.berkeley.edu/ipe/readings/Wallerstein.pdf>
- Wilk, Richard. 2006. „The Ecology of Consumer Culture?“ *The Environment in Anthropology*. Ritstjórar Nora Haenn og Richard R. Wilk, 325-347. New York: New York University Press.
- Wilk, Richard. 2009. „Consuming Ourselves to Death: The Anthropology of Consumer Culture and Climate Change.“ *Anthropology & Climate Change: From Encounters to Actions*. Ritstjórar Susan A. Crate og Mark Nuttall, 419-429. California: Left Coast Press.
- Wilk, Richard. 2013. “Green Consumerism is No Solution.“ *The Huffington Post*. Sótt 15. mars, http://www.huffingtonpost.com/american-anthropological-association/green-consumerism-is-no-solution_b_3437457.html?utm_hp_ref=green
- Wright, Erik Olin. 2010. *Envisioning Real Utopias*. London: Verso.
- Wright, Erik Olin. 2015. *Understanding Class*. London: Verso.
- Þórunn Egilsdóttir. Störf þingsins. 45. fundur 2. desember 2015. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt <http://www.althingi.is/leit/?q=þórunn+egilsdóttir>